



Ársskýrsla Ríkisendurskoðunar 2013

Apríl 2014

Efnisyfirlit

Formáli ríkisendurskoðanda	3
Staða, hlutverk og stefna Ríkisendurskoðunar.....	6
Lykilmarkmið Ríkisendurskoðunar	8
Almennt um starfsemi og rekstur Ríkisendurskoðunar árið 2013	9
Skipting vinnuframlags milli viðfangsefna	9
Tekjur og gjöld	11
Mannauður	11
Árangursmælingar – þjónustuvídd	13
Innra skipulag.....	18
Fjárhagsendurskoðun	19
Mat á því hvort reikningsskil gefi glögga mynd	19
Mat á innra eftirliti og fylgni við lög og reglur	20
Liðir og aðilar sem endurskoðaðir voru árið 2013.....	21
Innleiðing alþjóðlegra endurskoðunarstaðla (ISSAI)	23
Úttektir á upplýsingakerfum.....	23
Stjórnsýsluendurskoðun.....	25
Hugtökin hagsýni, skilvirkni og árangur.....	25
Beiðnir og frumkvæðisúttektir	26
Vinnuferli stjórnsýsluúttekta	26
Starfsáætlun stjórnsýslusviðs	27
Úttektir sem lokið var árið 2013	28
Stjórnsýsluúttektir 2011–2013 eftir ráðuneytum.....	29
Önnur eftirlitsverkefni og viðfangsefni	31
Eftirlit með framkvæmd fjárlaga	31
Eftirlit með fjárreiðum stjórnmalasamtaka og frambjóðenda	32
Eftirlit með sjálfseignarstofnunum sem ekki stunda atvinnurekstur	33
Eftirlit með ársreikningum kirkjugarða og sókna.....	34
Lögfræðilegar álitsgerðir	34
Skjalamál.....	35
Útgáfa og almannatengsl.....	35
Alþjóðleg samskipti.....	36
Reglur um meðferð og afgreiðslu skýrslubeiðna frá forsætisnefnd Alþingis	39
Seinni áfangi alþjóðlegrar jafningjaúttektar.....	40
Breytingar á samstarfi ríkisendurskoðana Norðurlanda	44
Endurskoðun og siðferði.....	47
Opinber rit árið 2013	51
Starfsmenn Ríkisendurskoðunar í árslok 2013	53
Ársreikningur 2013	55

Formáli ríkisendurskoðanda



Á undanförunum misserum hafa starfshópar á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytis unnið að endurskoðun laga um fjárreiður ríkisins sem að stofni til eru frá árinu 1997. Fulltrúar Ríkisendurskoðunar hafa tekið virkan þátt í þessari vinnu. Drög að frumvarpi til laga um opinber fjármál voru kynnt sl. sumar og nýlega lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram fullbúið frumvarp á Alþingi. Verði það að lögum munu miklar breytingar verða á fjármálastjórn hins opinbera, m.a. á fjárlagaferlinu og reiknings-skilum ríkisins. Fyrir það fyrsta felur frumvarpið í sér heildstæða lagalega umgjörð um öll opinber fjármál, þ.e bæði ríkis og sveitarfélaga. Markmiðið er að tryggja að þessir aðilar gangi í takt og að fjármálastjórn hins opinbera sé skilvirk og hagkvæm. Mörkuð verður heildarstefna í opinberum fjármálum í samræmi við tiltekin grunngildi: sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi. Þá verða sett tiltekin töluleg viðmið um opinber fjármál (fjármálaregla), t.d. er gert ráð fyrir að heildarafkoma A-hluta ríkis og sveitarfélaga sé ávallt jákvæð yfir fimm ára tímabil og árlegur halli aldrei meiri en 2,5% af landsframleiðslu. Einnig er mælt fyrir um að heildarskuldir samkvæmt tiltekinni skilgreiningu skuli vera lægri en sem nemur 45% af landsframleiðslu. Enn fremur verður komið á fót sérstöku þriggja manna fjármálaráði sem hefur það hlutverk að fylgjast með því að stefna og áætlanir í opinberum fjármálum séu í samræmi við fyrrnefnd grunngildi og fjármálareglu. Að auki má nefna breytta skilgreiningu fjárheimilda, fækkun fjárlagaliða og skýrari ábyrgð við fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga, svo aðeins nokkur dæmi séu nefnd. Fyrir starfsemi Ríkisendur-

skoðunar skiptir einna mestu máli að reikningsskil ríkisins munu eftir setningu laganna lúta alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila (*International Public Sector Accounting Standards – IPSAS*). Í þessu felst stórt framfaraskref því ríkisreikningur mun eftir breytinguna veita ítarlegri upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu ríkisins og innhalda fyllri skýringar en áður. Það er einlæg von mín að þessar viðamiklu umbætur hljóti brautargengi.

Árið 2011 fór ég þess á leit við hollensku ríkisendurskoðunina, *Algemene Rekenkamer*, að hún tæki að sér að leiða alþjóðlega jafningjaúttekt á vinnubrögðum Ríkisendurskoðunar. Viðbrögðin voru jákvæð og í kjölfarið féllust ríkisendurskoðanir Noregs og Svíþjóðar á að taka einnig þátt í úttektinni. Ákveðið var að skipta verkefninu í tvo sjálfstæða áfanga. Þeim fyrri, úttekt á vinnubrögðum Ríkisendurskoðunar við stjórn-sýsluendurskoðun, var lokið á árinu 2012 en þeim síðari, úttekt á vinnubrögðum við fjárhagsendurskoðun, var lokið á síðasta ári. Skýrslur beggja áfanga eru birtar á heimasíðu stofnunarinnar, www.rikisend.is, á ensku og íslensku. Þegar á heildina er litið eru niðurstöðurnar fremur jákvæðar fyrir stofnunina og starfsmenn hennar. Þó er bent á ýmis atriði sem betur mættu fara og hefur stofnunin þegar brugðist við mörgum þessara ábendinga og undirbýr viðbrögð við öðrum. Ég tel að jafningja-úttektin hafi þegar skilað og muni þegar fram í sækir skila stofnuninni miklum ávinningi. Fjallað er um seinni áfanga hennar í grein á bls. 40–43 í þessari skýrslu.

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis og sinnir í umboði þess endurskoðun og eftirliti með ríkisrekstrinum. Árlega sendir stofnunin margar skýrslur til þingsins sem nefndir þess fjalla um í samræmi við ákvæði þingskapalaga. Samkvæmt þeim ber stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd að fjalla um allar skýrslur stofnunarinnar en getur vísað skýrslu til umfjöllunar í annarri þingnefnd ef efni hennar býður upp á það. Löng hefð er fyrir því að fjárlaganefnd fjalli um skýrslur stofnunarinnar er varða framkvæmd fjárlaga og endurskoðun ríkisreiknings. Ríkisendurskoðun hefur ávallt lagt mikla áherslu á að eiga góð og uppbyggileg samskipti við þessar tvær þingnefndir. Svokallað Orra-mál, sem kom upp á síðari hluta ársins 2012, skyggði nokkuð á þessi samskipti um hríð en að undanfögnu hafa samskiptin aftur færst í eðlilegra horf og er það vel. Í formála mínum að ársskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2012 gerði ég grein fyrir sjónarmiðum mínum hvað varðar Orra-málið og tel ekki þörf á að endurtaka þá umfjöllun hér. Þó má nefna að í kjölfar málsins greip Ríkisendurskoðun til ráðstafana til að tryggja enn betur en áður að skýrslubeiðnir frá Alþingi fengju vandaða meðferð og afgreiðslu innan stofnunarinnar. Á síðasta ári voru þannig settar sérstakar verklagsreglur um þetta sem birtar eru á bls. 39 í þessari skýrslu. Þá eru á heimasíðu stofnunarinnar birtar upplýsingar um úttektir sem stofnunin vinnur að hverju sinni, m.a. um áætluð verklok. Ég vil bæta því við að Ríkisendurskoðun hefur ávallt átt góð samskipti við forseta Alþingis og forsætisnefnd.

Ríkisendurskoðun hefur um langt árabil tekið virkan þátt í fjölþjóðlegu samstarfi ríkisendurskoðana, m.a. innan Alþjóðasamtaka slíkra stofnana (INTOSAI) og Evrópusamtaka þeirra (EUROSAI). Undirritaður átti sæti í stjórn síðarnefndu samtakanna á árunum 2008–2011. Þá hefur Ríkisendurskoðun átt tvíhliða samskipti við ýmsar erlendar systurstofnanir í áranna rás. Vegna samdráttar fjárveitinga á undanfögnu árum hefur stofnunin dregið verulega úr erlendum samskiptum sínum og þátttöku í

fjölbjóðlegu samstarfi. Árið 2009 var ákveðið að hætta þátttöku í vinnuhópum á vegum EUROSAL, m.a. vinnuhópi samtakanna um umhverfisendurskoðun og vinnuhópi um endurskoðun viðlagasjóða. Í kjölfar þings samtakanna árið 2011 var hins vegar ákveðið að stofninin skyldi taka þátt í aðgerðahópi þeirra um siðareglur í opinberri endurskoðun, *Task Force on Audit and Ethics*. Niðurstaða hópsins verður kynnt á næsta EUROSAL-þingi sem haldið verður í Haag í Hollandi á sumri komanda. Fjallað er nánar um þetta efni í grein á bls. 47–50 í þessari skýrslu.

Samstarf ríkisendurskoðana Norðurlandanna hvílir á gömlum merg og hefur ávallt verið náð og öflugt. Ríkisendurskoðendur landanna hittast árlega og ræða margvísleg fagleg málefni, bæði mál sem eru til umræðu á vettvangi Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana og mál sem tengjast sérstaklega starfsemi norrænu stofnananna. Á síðasta ári var fundur norrænna ríkisendurskoðenda haldinn hér á landi og sá Ríkisendurskoðun um skipulagningu og framkvæmd hans. Þar voru m.a. samþykktar mikilvægar breytingar á fyrirkomulagi samstarfsins. Hingað til hafa starfsmenn mismunandi fag- og stoðsviða stofnananna fundað reglulega og borið saman bækur sínar. Í stað þessara funda er nú ráðgert að skipuleggja stærri þverfaglegar málstofur um þau málefni sem efst eru á baugi hverju sinni. Nánar er fjallað um þessar breytingar á fyrirkomulagi norræns samstarfs í grein á bls. 44–45 í þessari skýrslu.

Á árinu 2013 var stofnunin rekin með 29,6 m.kr. tekjuafgangi samanborið við 29,1 m.kr. tekjuhalla á árinu 2012 og 33,9 m.kr. halla árið 2011. Þessi viðsnúningur eftir tveggja ára tekjuhalla á rót sína að rekja til aðhaldsaðgerða sem gripið var til á árinu 2012, m.a. fækkun starfsmanna, og þeirrar ákvörðunar að hætta að greiða kostnað vegna endurskoðunar hjúkrunarheimila sem rekin eru af sjálfseignarstofnunum, einkahlutafélögum og sveitarfélögum. Þessar breytingar skiluðu sér að fullu á árinu 2013 sem sjá má af því að hrein gjöld stofnunarinnar, þ.e. gjöld að frádregnum sértekjum, lækkuðu milli ára um 35 m.kr. eða 7,6%. Óráðstafaðar fjárheimildir í lok ársins 2013 námu 36,6 m.kr.

Fjárveitingar á árinu 2013 voru 454,1 m.kr. og hækkuðu frá fyrra ári um 23,7 m.kr. eða 5,5%. Skv. tillögu þáverandi forseta Alþingis var umsamið að fjárveitingin ætti að duga til að reka stofnunina með um 42 stöðugildum. Hins vegar náðist það markmið ekki í fjárlögum 2014. Gerð er nánari grein fyrir rekstri og fjárhagsstöðu stofnunarinnar í ársreikningi og skýringum með honum á bls. 54–59 í þessari skýrslu.

Starfsmenn Ríkisendurskoðunar hafa ávallt unnið störf sín af heilindum og fagmennsku. Allt það efni, skýrslur og annað, sem stofnunin lætur frá sér fara ber þess skýr merki. Árið 2013 var hér engin undantekning. Ég vil að lokum nota tækifærið og að þakka starfsmönnum fyrir vel unnin störf.

Sumar Brason

Staða, hlutverk og stefna Ríkisendurskoðunar

Sjálfstæð eftirlitsstofnun Alþingis

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð stofnun sem starfar á vegum Alþingis og er þáttur í eftirliti löggjafarvaldsins með framkvæmdarvaldinu. Stofnunin endurskoðar ríkisreikning og reikninga stofnana og fyrirtækja sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Þá hefur stofnunin eftirlit með og stuðlar að umbótum á fjármálastjórn slíkra aðila sem og bættri hagsýni, skilvirkni og árangri þeirra. Framtíðarsýn stofnunarinnar er að vera í fremstu röð í faglegri opinberri endurskoðun.

Löggjöf og reglur um starfsemina

Ríkisendurskoðun starfar samkvæmt lögum um stofnunina (nr. 86/1997) og, eftir atvikum, lögum um endurskoðendur (nr. 79/2008) sem og ýmsum öðrum lögum sem varða starfsemi hennar, s.s. lögum um fjárreiður ríkisins (nr. 88/1997) og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (nr. 70/1996). Þá eru stofnuninni falin verkefni samkvæmt ýmsum lögum, s.s. lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá (nr. 19/1988), lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu (nr. 36/1993) og lögum um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra (nr. 162/2006). Í störfum sínum hafa starfsmenn Ríkisendurskoðunar hliðsjón af stöðlum og leiðbeiningum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) og, eftir atvikum, stöðlum Alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC). Enn fremur fylgja starfsmenn siðareglum stofnunarinnar. Þar sem Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi gilda stjórnsýslulög og upplýsingalög ekki um starfsemi hennar. Engu að síður gilda vissar óskráðar meginreglur stjórnsýsluréttar um stofnunina, m.a. hæfisreglur. Með hliðsjón af lögum, reglum, stöðlum og leiðbeiningum hefur Ríkisendurskoðun skilgreint meginverkefni sín með eftirfarandi hætti.

Fjárhagsendurskoðun

Meginverkefni

Endurskoðun ríkisreiknings og reikninga stofnana og fyrirtækja sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins. Endurskoðun reikninga þeirra aðila sem starfa á ábyrgð ríkisins eða sinna lögbundinni þjónustu eða öðrum verkefnum gegn greiðslu eða styrkjum úr ríkissjóði. Athuganir á innra eftirliti og öryggi upplýsingakerfa. Ábendingar um það sem betur má fara í bókhalði, reikningsskilum, innra eftirliti og rekstri og öryggi upplýsingakerfa.

Stjórnsýsluendurskoðun

Úttektir á frammistöðu stofnana og fyrirtækja ríkisins og aðila sem þiggja framlög frá ríkinu. Mat á hagsýni, skilvirkni og árangri í rekstri og ábendingar um leiðir til að bæta þessa þætti.

Eftirlit með framkvæmd fjárlaga

Eftirlit með því hvort fjárreiður og fjárhagslegar ákvarðanir stofnana eru í samræmi við fjárlög, fjárreiðulög og reglugerð um framkvæmd fjárlaga.

Eftirlit með fjárreiðum sjálfseignarstofnana

Eftirlit með fjárreiðum sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagskrá.

Eftirlit með fjárreiðum stjórnmalasamtaka og frambjóðenda

Móttaka, úrvinnsla og birting upplýsinga um tekjur og gjöld stjórnmalasamtaka og þátttakenda í prófkjörum.

Lögum samkvæmt hefur Ríkisendurskoðun mjög víðtækar heimildir til endurskoðunar. Hún getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Þá er henni heimill aðgangur að og skoðun á frumgögnum og skýrslum sem gerðar eru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu til að sannreyna efni reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs. Loks getur hún kallað eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé og metið hvort slíkar greiðslur hafi skilað tilætluðum árangri.

Víðtækar
heimildir

Þótt Ríkisendurskoðun heyri stjórnskipulega undir Alþingi þá er hún engum háð í störfum sínum og velur sjálf og skipuleggur verkefni sín. Forsætisnefnd þingsins getur þó kafið stofnunina um skýrslur um málefni sem falla undir starfssvið hennar. Í slíkum tilvikum ákveður stofnunin hins vegar nálgun að viðfangsefninu, aðferð, hvenær skýrslu er lokið og hvernig niðurstöður eru settar fram. Samkvæmt lögum um stofnunina skulu starfsmenn hennar í einu og öllu óháðir ráðuneytum og stofnunum sem þeir endurskoða.

Engum háð í
störfum sínum

Ríkisendurskoðun gerir viðkomandi stofnunum, Alþingi og fjölmiðlum grein fyrir niðurstöðum athugana sinna í rafrænum skýrslum og fréttum sem birtar eru á vefsíðu hennar, www.rikisend.is. Niðurstöður sem snerta viðkvæm innri málefni stofnana eru þó ekki gerðar opinberar. Alþingi fjallar um skýrslur Ríkisendurskoðunar samkvæmt þingskapalögum og sérstökum reglum um þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar.

Útgáfa og
upplýsingamiðlun

Ríkisendurskoðun hefur mótað sér heildarstefnu byggða á aðferðafræði stefnumiðaðs árangursmats (*balanced scorecard*). Í stefnukorti Ríkisendurskoðunar eru samtals 10 lykilmarkmið. Þau taka til fjögurra „vídda“ starfseminnar sem eru þjónusta, verklag, mannauður og fjármál. Markmið í þjónustuvídd stefnukortsins lúta að þjónustu stofnunarinnar við Alþingi og stjórnsýslu. Markmið í verklagsvídd lúta að þeim aðferðum og vinnubrögðum sem stofnunin beitir til að þjónustan verði sem best. Í mannauðsvídd stefnukortsins er að finna markmið sem varða hæfni og aðbúnað starfsmanna. Þessi markmið stuðla með vissum hætti að því að markmið í verklagsvídd náist. Markmið í fjármálavíddinni lúta að ráðdeild og góðri fjármálastjórn. Þau stuðla að því að markmið allra hinna þriggja víddanna náist. Gildi Ríkisendurskoðunar eru heilindi, óhæði og fagmennska. Starfsmenn eiga að hafa gildin að leiðarljósi, jafnt í vinnunni sem utan hennar.

Stefna og
lykilmarkmið

Lykilmarkmið Ríkisendurskoðunar

Vídd	Markmið	Lýsing
Þjónusta	Stuðla að umbótum í ríkisrekstri	Ríkisendurskoðun leitast við að stuðla að umbótum á fjármálastjórn og árangri ríkisaðila og annarra aðila sem þiggja framlög úr ríkissjóði.
	Veita áreiðanlegar og gagnlegar upplýsingar	Ríkisendurskoðun leitast við að veita áreiðanlegar og gagnlegar upplýsingar um reikningsskil (m.a. með því að votta þau), fjármálastjórn og árangur ríkisaðila og annarra aðila sem þiggja framlög úr ríkissjóði.
Verklag	Vönduð upplýsingamiðlun	Ríkisendurskoðun miðlar upplýsingum á markvissan hátt til Alþingis, stjórnarsýslu, fjölmiðla og almennings.
	Skilvirk og fagleg starfsemi	Ríkisendurskoðun beitir aðferðum verkefnastjórnunar í störfum sínum sem m.a. stuðlar að markvissum endurskoðunaráætlunum, skýrri og hnitmiðaðri afmörkun verkefna og vel skilgreindri ábyrgð þeirra sem að verki koma.
	Öflugt gæðaeftirlit	Ríkisendurskoðun viðhefur verklag sem stuðlar að gæðum og fagmennsku.
Mannauður	Öflug liðsheild	Ríkisendurskoðun stuðlar að öflugu samstarfi, góðum starfsanda og að starfsfólk beri virðingu hvert fyrir öðru.
	Hæft og metnaðarfullt starfsfólk	Ríkisendurskoðun leitast við að laða að og halda í starfsfólk sem er metnaðarfullt og vandvirkt, metur frumkvæði starfsmanna mikils og vill að þeir þróist í starfi. Starfsfólk sýnir sveigjanleika í störfum sínum og bregst fljótt og vel við aðkallandi verkefnum.
	Markviss starfsþróun	Ríkisendurskoðun stuðlar að því að starfsmenn hafi tækifæri til sí- og endurmenntunar sem eflir þá í starfi.
Fjármál	Starfsemi Ríkisendurskoðunar er peninganna virði	Ríkisendurskoðun leitast við að vinna verkefni sín og haga starfsemi sinni með þeim hætti að ávinningur skattgreiðenda af starfseminni verði meiri en kostnaðurinn.
	Kostnaðarvitund	Starfsmenn Ríkisendurskoðunar eru sér vel meðvitandi um kostnað starfseminnar og leiðir til að halda honum í lágmarki.

Almennt um starfsemi og rekstur Ríkisendurskoðunar árið 2013

Skipting vinnuframlags milli viðfangsefna


Árið 2013 voru virkar vinnustundir starfsmanna Ríkisendurskoðunar samtals um 67 þúsund og fækkaði um rúmlega 4 þúsund frá fyrra ári eða 6%. Með virkum vinnustundum er átt við þann tíma sem starfsmenn eru í vinnu en fjarvistir, s.s. vegna veikinda eða orlofs, eru undanskildar. Ástæða þess að virkum vinnustundum fækkaði milli ára er einkum sú að fækkun starfsmanna sem varð á árinu 2012 kom ekki að fullu fram fyrr en á síðasta ári. Þá hætti einn starfsmaður snemma á árinu en nýr var ekki ráðinn í hans stað fyrr en nokkuð var liðið á árið. Enn fremur var einn starfsmaður í fæðingarorlofi á fyrri hluta ársins og lét síðan af störfum um haustið. Nýr starfsmaður var ekki ráðinn í hans stað fyrr en á yfirstandandi ári. Til viðbótar vinnuframlagi starfsmanna keypti stofnunin þjónustu af endurskoðunarfélögum sem svaraði til tæplega eitt þúsund vinnustunda.

Virkum vinnustundum fækkaði um 6% milli ára

Líkt og undanfarin ár var mestum tíma varið í fjárhagsendurskoðun eða rúmlega helmingi virkra vinnustunda (52%). Það er ívið hærra hlutfall en árið 2012 þegar hlutfallið var 48%. Rúmlega fimmtungi (21%) virkra vinnustunda var ráðstafað til stjórnsýsluendurskoðunar sem er nokkru lægra hlutfall en árið áður en þá var það um 24%. Önnur eftirlitsverkefni tóku um 9% tímans og yfirstjórn, rekstur og stoðþjónusta samtals um 18%. Í heild má segja að óverulegar breytingar hafi orðið á skiptingunni milli ára.

Óverulegar breytingar á skiptingunni

Hlutfallsleg skipting virkra vinnustunda milli viðfangsefna 2013



Um tveimur þriðju hlutum virkra vinnustunda var ráðstafað til endurskoðunar- og eftirlitsverkefna sem lutu beint að ráðuneytum og undirstofnunum þeirra. Einum þriðja hluta virkra vinnustunda var ráðstafað til eftirlitsverkefna sem ekki lutu að stjórnsýslunni (s.s. eftirlits með fjárreiðum stjórnmalasamtaka og staðfesta sjóða), innra starfs stofnunarinnar (s.s. endurmenntunar og faglegrar þróunar) og yfirstjórnar, rekstrar og stoðþjónustu.




Starfsmenn rekstrarstoðar sem annast almennan rekstur stofnunarinnar, móttöku, mötuneyti og ýmsa stoðþjónustu.

Stærstur hluti (78%) þess tíma sem ráðstafað var beint til endurskoðunar og eftirlits hjá ráðuneytum og stofnunum fór í verkefni tengd fjórum ráðuneytum: fjármálaráðuneyti, velferðarráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og innanríkisráðuneyti (sjá eftirfarandi mynd). Minni tíma var varið til endurskoðunar og eftirlits hjá öðrum ráðuneytum og æðstu stjórn ríkisins. Skipting tímans ræðst m.a. af áhættumati og verkefnavali hverju sinni. Þannig er t.d. mismunandi milli ára að hvaða ráðuneytum stjórnsýsluúttektir og aðrar úttektir beinast. Því geta orðið töluverðar sveiflur milli ára. Þess ber að geta að hjá fjármálaráðuneyti færast m.a. vinnustundir sem varið er til endurskoðunar á efnahags- og tekjuliðum ríkissjóðs og endurskoðunar ríkisreiknings.

Mestur tími fór í verkefni fjögurra ráðuneyta

Hlutfallsleg skipting virkra vinnustunda við endurskoðun og eftirlit hjá ráðuneytum og stofnunum 2013



Tekjur og gjöld

Heildargjöld Ríkisendurskoðunar námu um 472,3 m.kr. árið 2013 og lækkuðu um 29,6 m.kr. milli ára eða 6%. Á þessari lækkun er einkum tvíþætt skýring. Annars vegar komu aðhaldsaðgerðir sem gripið var til árið 2012 að fullu fram í rekstri á árinu 2013. Þar vegur fækkun starfsmanna þyngst. Hins vegar hætti Ríkisendurskoðun á síðasta ári að greiða kostnað við endurskoðun hjúkrunarheimila sem rekin eru af sjálfseignarstofnunum, einkaaðilum eða sveitarfélögum. Með því minnkaði kostnaður við aðkeypta sérfræðipjónustu verulega. Sértekjur námu 47,8 m.kr. og ríkisframlagið 454,1 m.kr. Því varð 29,6 m.kr. afgangur af rekstrinum sem er viðsnúningur miðað við árið 2012 þegar 29,0 m.kr. halli varð á rekstrinum. Nánari upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu má finna í ársreikningi og skýringum við hann á bls. 54–59.

Viðsnúningur í rekstrinum

Yfirlit rekstrarreiknings 2012 og 2013 (í m.kr.)

	2013	2012	Breyting	%
Laun og launatengd gjöld	392,6	394,8	-2,2	-1%
Annar rekstrarkostnaður	76,5	105,3	-28,8	-27%
Stofnkostnaður	3,2	1,8	1,4	78%
Samtals gjöld	472,3	501,9	-29,6	-6%
Sértekjur	47,8	42,4	5,4	13%
Gjöld að fráðregnum tekjum	424,5	459,5	-35	-8%
Ríkisframlag	454,1	430,4	23,7	6%
Tekjuafgangur (halli)	29,6	-29,1	58,7	-202%

Mannauður

Á árinu 2013 létu tveir sérfræðingar af störfum hjá Ríkisendurskoðun og jafnmargir voru ráðnir. Í heild stóð starfsmannafjöldi því í stað, var 42 bæði í upphafi og lok árs. Þar af voru 22 konur og 20 karlar. Þess má geta að vegna niðurskurðar fjárveitinga til stofnunarinnar á undanförunum árum hefur starfsmönnum hennar fækkað verulega. Milli áranna 2008 og 2012 fækkaði þeim þannig í heild um sjö, úr 49 í 42. Þessi fækkun

varð fyrst og fremst með þeim hætti að ekki var ráðið í allar stöður sem losnuðu á tímabilinu.

5% starfsmannavelta

Starfsmannavelta er skilgreind sem hlutfall þeirra starfsmanna sem hætta störfum á hlutaðeigandi ári af heildarfjölda starfsmanna í árslok. Sem fyrr greinir hættu tveir starfsmenn hjá Ríkisendurskoðun á síðasta ári sem samsvarar um 5% starfsmannaveltu. Það er mun minni velta en árið 2012 en þá var hún óvenjumikil eða 14%. Á tímabilinu 2009–2011 var árleg starfsmannavelta stofnunarinnar á bilinu 2–4%.

Meðalaldur starfsfólks í árslok 2013 var um 53 ár. Til samanburðar má geta þess að meðalaldur starfsmanna Stjórnarráðs Íslands var rúm 49 ár á síðasta ári. Hlutfall starfsmanna sem voru með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu hjá stofnuninni nam 91% árið 2013 og meðalstarfsaldur var rúmlega 15 ár.

Kennitölur um mannauð Ríkisendurskoðunar				
	2013	2012	2011	2010
Starfsmannavelta	5%	14%	4%	4%
Meðalaldur starfsmanna	53 ár	53 ár	52 ár	52 ár
Meðalstarfsaldur hjá RE	15 ár	14 ár	13 ár	12 ár
3 ára starfsreynsla hjá RE	91%	87%	94%	90%

Fjölbreytt menntun

Í árslok 2013 voru rúm 85% starfsmanna Ríkisendurskoðunar með háskólapróf, margir þeirra með meistarapróf. Langflestir voru með prófgráðu í viðskiptafræði en nokkrir í lögfræði, stjórn málafræði, bókasafns- og upplýsingafræði eða hugvísindum. Þá störfuðu fimm endurskoðendur hjá stofnuninni og þrír starfsmenn með faggildingu í innri endurskoðun (*Certified Internal Auditor – CIA*). Einn þeirra hafði að auki faggildingu í opinberri endurskoðun (*Certified Government Auditing Professional – CGAP*) og annar í endurskoðun upplýsingakerfa (*Certified Information Systems Auditor – CISA*).

Háskólamenntun starfsmanna Ríkisendurskoðunar í árslok 2013 (prófgráður)	
	Fjöldi
Kandidatspróf í viðskiptafræði (cand. oecón.)	21
Kandidatspróf í lögfræði (cand. jur.)	2
Bakkalárpróf:	
- viðskiptafræði (BBA, BS, BSc, civil ekonom)	5
- stjórn málafræði (BA)	1
- sagnfræði (BA)	2
- íslenska (BA)	1
- bókasafns- og upplýsingafræði (BA)	1
Meistarapróf:	
- viðskiptafræði (MS, MSc, MBA, MAcc)	6
- lögfræði (ML)	1
- stjórn málafræði (MSc, MEA)	2
- stjórnsýslufræði (MPA)	1
- íslenska (cand. mag.)	1
- menningarmiðlun (cand. mag.)	1
Diplóma í stjórnsýslufræðum	3

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að starfsfólk stofnunarinnar viðhaldi og efli faglega hæfni sína með sí- og endurmenntun. Í þessu skyni er starfsmönnum gert mögulegt að sækja ýmis námskeið samhliða vinnu. Einnig gerir stofnunin samninga við starfsmenn um lengra skipulegt nám, t.d. um nám til löggildingar í endurskoðun, nám til faggildingar í innri endurskoðun og háskólanám með vinnu. Þeir starfsmenn sem gera samning um nám til löggildingar í endurskoðun eiga þess kost að verja tveimur vikum (80 vinnustundum) á launum til að undirbúa sig undir hvert þeirra fjögurra prófa sem ljúka þarf til að öðlast löggildingu. Þeir starfsmenn sem gera samning um nám til faggildingar í innri endurskoðun (CIA) eiga þess kost að fá leyfi á launum í tvær vikur (80 vinnustundir) vegna hvers þeirra fjögurra prófa sem ljúka þarf. Þeir starfsmenn sem semja við stofnunina um skipulegt háskólanám samhliða vinnu geta varið allt að átta klukkustundum af vinnutíma sínum í námið á móti hverri námseiningu sem þeir ljúka.

Árangursmælingar – þjónustuvídd

Ríkisendurskoðun mælir árangur sinn reglulega og birtir niðurstöður valdra mælinga í ársskýrslu. Í stefnukorti stofnunarinnar eru samtals 10 lykilmarkmið: tvö í þjónustuvídd, þrjú í verklagsvídd, þrjú í mannauðsvídd og tvö í fjármálavídd (sjá bls. 8). Þjónustumarkmiðin eru annars vegar „stuðla að umbótum í ríkisrekstri“ og hins vegar „veita áreiðanlegar og gagnlegar upplýsingar“. Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig þessi markmið eru skilgreind.

Þjónustumarkmið Ríkisendurskoðunar	
Stuðla að umbótum í ríkisrekstri	Ríkisendurskoðun leitast við að stuðla að umbótum á fjármálastjórn og árangri ríkisaðila og annarra aðila sem þiggja framlög úr ríkissjóði
Veita áreiðanlegar og gagnlegar upplýsingar	Ríkisendurskoðun leitast við að veita áreiðanlegar og gagnlegar upplýsingar um reikningsskil, fjármálastjórn og árangur ríkisaðila og annarra aðila sem þiggja framlög úr ríkissjóði

Árangursmælikvarðar stofnunarinnar eru samtals 30, frá tveimur og upp í fjóra fyrir hvert lykilmarkmið. Þeir segja til um hvort eða hversu vel markmiðin nást á hverjum tíma. Sumum er tiltölulega einfalt að beita, t.d. mælikvörðum sem fela í sér talningu á einhvers konar einingum eða afurðum sem starfsemin leiðir fram. Aðrir útheimta ögn meiri fyrirhöfn, t.d. byggjast allmargir mælikvarðar á því að kanna viðhorf umbjóðenda eða starfsmanna stofnunarinnar. Að auki eru í skorkortinu sett fram viðmið um árangur, þ.e. hvaða gildi á hverjum kvarða stofnunin vill að lágmarki ná, telur æskileg eða viðunandi.

Í þjónustuvídd eru samtals sjö mælikvarðar, fjórir fyrir markmiðið „stuðla að umbótum í ríkisrekstri“ og tveir fyrir markmiðið „veita áreiðanlegar og gagnlegar upplýsingar“. Þrír af fimm mælikvörðum fyrrnefnda markmiðsins byggjast á viðhorfskönnun meðal ráðuneytisstjóra og forstöðumanna en tveir fela í sér athugun á viðbrögðum við

ábendingum sem settar eru fram í skýrslum stofnunarinnar. Báðir mælikvarðar síðarnefnda markmiðsins byggjast á viðhorfskönnun meðal aðalmanna og áheyrnarfulltrúa í fjárlaganefnd og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. Þetta eru þær nefndir þingsins sem fjalla formlega um skýrslur stofnunarinnar. Í eftirfarandi töflu má sjá árangursmælikvarða í þjónustuvídd.

Árangursmælikvarðar í þjónustuvídd	
Lykilmarkmið	Mælikvarðar
Stuðla að umbótum í ríkisrekstri	Viðbrögð við ábendingum fjárhagsendurskoðunar
	Viðbrögð við ábendingum stjórnsýsluúttekta
	Mat stjórnenda á gagnsemi skýrsla fjárhagsendurskoðunar við umbætur
	Mat stjórnenda á gagnsemi skýrsla um framkvæmd fjárlaga við umbætur
	Mat stjórnenda á gagnsemi stjórnsýsluúttekta við umbætur
Veita áreiðanlegar og gagnlegar upplýsingar	Mat þingmanna á áreiðanleika skýrsla
	Mat þingmanna á gagnsemi skýrsla við eftirlit með framkvæmdarvaldinu

Ríkisendurskoðun kannaði viðhorf ráðuneytisstjóra og forstöðumanna í febrúar 2014. Könnunin náði til samtals 187 manns og var svarhlutfallið um 83%. Þátttakendur svöruðu mismunandi spurningum eftir því hvers eðlis samskipti þeirra við Ríkisendurskoðun voru á árinu 2013. Þannig voru flestir þeirra spurðir um viðhorf til endurskoðunarbréfa sem Ríkisendurskoðun sendir þeim að lokinni árlegri fjárhagsendurskoðun en aðeins hluti var spurður um viðhorf til stjórnsýsluúttekta, þ.e. eingöngu stjórnendur þeirra ráðuneyta og stofnana sem stjórnsýsluúttektir ársins 2013 lutu að. Á sama hátt var aðeins hluti þátttakenda spurður um viðhorf til skýrsla stofnunarinnar um framkvæmd fjárlaga og til skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings 2012 (sem kom út í október 2013).

Þátttakendur voru m.a. spurðir um hversu vel skýrslur og endurskoðunarbréf nýttust við umbætur. Samtals 142 svöruðu spurningu um hversu vel endurskoðunarbréf hefðu gagnast við að bæta bókhald og fjármálastjórn, 8 svöruðu spurningu um hversu vel stjórnsýsluúttektir hefðu gagnast við að bæta árangur, 23 svöruðu spurningu um hversu vel skýrslur um framkvæmd fjárlaga hefðu gagnast við að bæta fjármálastjórn og 15 svöruðu spurningu um hversu vel skýrsla um endurskoðun ríkisreiknings 2012 hefði gagnast við að bæta fjármálastjórn. Gefnir voru fjórir svarmöguleikar: mjög vel, frekar vel, frekar illa og mjög illa. Hlutfall þeirra sem sögðu skýrslurnar hafa gagnast frekar eða mjög vel má sjá á eftirfarandi mynd.

Könnun meðal ráðuneytisstjóra og forstöðumanna

Spurt um gagnsemi skýrsla

Könnun meðal ráðuneytisstjóra og forstöðumanna
Gagnsemi skýrsla og endurskoðunarbréfa við umbætur
 (hlutfall þeirra sem töldu skýrslur frekar eða mjög gagnlegar)




Ríkisendurskoðun stefnir að því að a.m.k. 70% svarenda í könnun meðal ráðuneytisstjóra og forstöðumanna telji skýrslur og endurskoðunarbréf gagnast mjög eða frekar vel við umbætur. Ljóst er að þetta árangursviðmið hefur náðst á árinu 2013.

Fjárlaganefnd fjallar um skýrslur Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga og endurskoðun ríkisreiknings en stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd um aðrar skýrslur stofnunarinnar, m.a stjórnsýsluúttektir. Í könnun meðal aðalmanna og áheyrnarfulltrúa í fjárlaganefnd var m.a. spurt um hversu áreiðanlegar skýrslur stofnunarinnar um framkvæmd fjárlaga og endurskoðun ríkisreiknings væru og hversu vel þær gögnuðust við eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Könnunin náði til samtals tíu aðila og þar af sendu átta inn svör. Líkt og í könnun meðal stjórnenda hjá ríkinu voru gefnir fjórir svarmöguleikar. Í ljós kom að allir svarendur töldu skýrslurnar annaðhvort mjög eða frekar áreiðanlegar og mjög eða frekar gagnlegar við eftirlit með framkvæmdarvaldinu.

Könnun meðal
aðalmanna og
áheyrnarfulltrúa í
fjárlaganefnd

Könnun meðal aðalmanna og áheyrnarfulltrúa í fjárlaganefnd
Áreiðanleiki og gagnsemi skýrsla við eftirlit með framkvæmdarvaldinu
 (hlutfall þeirra sem töldu skýrslur frekar eða mjög áreiðanlegar og gagnlegar)




Ríkisendurskoðun stefnir að því að a.m.k. 70% svarenda í könnun meðal aðalmanna og áheyrnarfulltrúa í fjárlaganefnd telji skýrslur stofnunarinnar mjög eða frekar áreiðan-

Könnun meðal aðalmanna og áheyrnarfulltrúa í SEN

legar og gagnast mjög eða frekar vel við eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Ljóst er að þetta árangursviðmið hefur náðst á árinu 2013.

Í könnun meðal aðalmanna og áheyrnarfulltrúa í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd (SEN) var m.a. spurt um hversu áreiðanlegar stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar væru og hversu vel þær gögnuðust við eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Könnunin náði til tíu aðila og þar af sendu sex inn svör. Líkt og í fyrrnefndum könnunum voru gefnir fjórir svarmöguleikar. Í ljós kom að allir svarendur töldu skýrslurnar annaðhvort mjög eða frekar áreiðanlegar og mjög eða frekar gagnlegar við eftirlit með framkvæmdarvaldinu.



Ríkisendurskoðun stefnir að því að a.m.k. 70% svarenda í könnun meðal aðalmanna og áheyrnarfulltrúa í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd telji stjórnsýsluúttektir stofnunarinnar mjög eða frekar áreiðanlegar og gagnast mjög eða frekar vel við eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Ljóst er að þetta árangursviðmið hefur náðst á árinu 2013.

Ein þeirra aðferða sem Ríkisendurskoðun beitir til að meta árangur þjónustu sinnar er að kanna viðbrögð stjórnvalda og stofnana við ábendingum sem settar eru fram í skýrslum fjárhagsendurskoðunar og stjórnsýsluendurskoðunar. Skýrslum fjárhagsendurskoðunar (endurskoðunarbréfum) er að jafnaði fylgt eftir þegar u.þ.b. eitt ár er liðið frá gerð þeirra. Af samtals 85 endurskoðunarbréfum sem gerð voru árið 2012 (vegna endurskoðunar ársins 2011) innihéldu 43 ábendingar um úrbætur á bókhaldi, reikningsskilum, innra eftirliti og/eða öðrum þáttum fjármálastjórnar. Samtals var um að ræða 90 ábendingar og þar af höfðu 48 verið framkvæmdar að fullu eða hluta árið 2013 eða rúmlega 53%.

Eftirfylgni með ábendingum fjárhagsendurskoðunar

Eftirfylgni fjárhagsendurskoðunar 2012–2013				
Ár	Skýrslur	Meginábend.	Framkvæmdar að fullu eða hluta	Árangur
2012	43 frá 2011	98	52	53%
2013	43 frá 2012	90	48	53%
Samtals	86	188	100	53%

Ríkisendurskoðun stefnir að því að a.m.k. 80% samanlagðra ábendinga í endurskoðunarbréfum hvers árs hafi komið til framkvæmda ári eftir að þau eru lögð fram. Miðað við töfluna hér að framan er ljóst að þetta árangursviðmið hefur ekki náðst undanfarin tvö ár. Í þessu sambandi skal þó hafa hugfast að Ríkisendurskoðun ræður ekki viðbrögðum stjórnvalda og stofnana við ábendingum sínum. Stofnunin getur aðeins stuðlað að því að þær verði teknar til greina með því að rökstyðja þær vandlega og miðla þeim með skýrum hætti til viðkomandi aðila.

Stjórnsýsluúttektum er að jafnaði fylgt eftir u.þ.b. þremur árum eftir að skýrsla er gefin út. Þá er kannað hvernig brugðist hefur verið við ábendingum, hvort telja megi að þær hafi verið framkvæmdar að fullu eða hluta. Árið 2013 var 10 stjórnsýsluúttektum frá árinu 2010 fylgt eftir en samtals voru settar fram 48 meginábendingar í þeim. Þar af taldi stofnunin að 27 hefðu verið framkvæmdar að fullu eða hluta en 21 ábending var ítrekuð. Í eftirfarandi töflu má sjá samandregið yfirlit um niðurstöður eftirfylgni stjórnsýsluúttekta undanfarin þrjú ár.

Eftirfylgni með
ábendingum
stjórnsýsluúttekta

Eftirfylgni stjórnsýsluúttekta 2011–2013						
Ár	Skýrslur	Meginábend.	Framkvæmdar að fullu eða hluta	Árangur	Áb. sem fallið var frá	Ítrekaðar
2011	12 frá 2006–9	89	68	76%		24
2012	5 frá 2009	50	34	72%	3	13
2013	10 frá 2010	48	27	56%		21
Samtals	27	187	129	69%	3	58

Ríkisendurskoðun stefnir að því að a.m.k. 80% samanlagðra ábendinga í stjórnsýsluúttektum hvers árs hafi komið til framkvæmda þegar þrjú ár eru liðin frá útgáfu þeirra. Miðað við töfluna vantar nokkuð upp á að þetta árangursviðmið hafi náðst síðustu ár. Líkt og gildir um ábendingar fjárhagsendurskoðunar ræður Ríkisendurskoðun ekki viðbrögðum við ábendingum stjórnsýsluúttekta. Stofnunin getur aðeins stuðlað að því að þær verði teknar til greina með því að rökstyðja þær vandlega og miðla þeim með skýrum hætti til Alþingis, stjórnvalda og annarra aðila sem geta haft áhrif í þessu sambandi, t.d. fjölmiðla. Þess má geta að af viðbrögðum við þeim stjórnsýsluúttektum sem fylgt var eftir árið 2013 skáru viðbrögð við einni sig nokkuð úr. Þar er um að ræða [Skýrslu um eftirfylgni: Innkaupastefna ráðuneyta \(2010\)](#) en í ljós kom að ekki hafði verið brugðist með fullnægjandi hætti við neinni af samtals níu ábendingum hennar. Þessi skýrsla dregur því töluvert niður árangursprósentuna fyrir árið 2013, sbr. töfluna hér að framan.

Eftirfarandi tafla sýnir á samandreginn hátt árangur Ríkisendurskoðunar á sviði þjónustu árið 2013. Grænn litur táknar að mæling var yfir árangursviðmiði stofnunarinnar, þ.e. því gildi á viðkomandi mælikvarða sem stofnunin vill að lágmarki ná. Gulur litur táknar að mæling var ekki mjög langt frá viðmiðinu en rauður litur táknar að mæling var langt frá því. Rauður litur kallar á að stjórnendur stofnunarinnar grípi til markvissra aðgerða til að laga stöðuna. Til að stofnunin teljist hafa náð lykilmálmíði verður meira en helmingur mælikvarða þess að vera grænn. Svo sem sjá má telst stofnunin hafa náð báðum þjónustumálmíðum sínum árið 2013.

Grænn litur
táknar að mæling
var yfir árangurs-
viðmiði


Árangur Ríkisendurskoðunar á sviði þjónustu 2013

Lykilmarkmið	Mælikvarðar
Stuðla að umbótum í ríkisrekstri	Viðbrögð við ábendingum fjárhagsendurskoðunar
	Viðbrögð við ábendingum stjórnsýsluúttekta
	Mat stjórnenda á gagnsemi skýrslna fjárhagsendurskoðunar við umbætur
	Mat stjórnenda á gagnsemi skýrslna um framkvæmd fjárlaga við umbætur
	Mat stjórnenda á gagnsemi stjórnsýsluúttekta við umbætur
Veita áreiðanlegar og gagnlegar upplýsingar	Mat þingmanna á áreiðanleika skýrslna
	Mat þingmanna á gagnsemi skýrslna við eftirlit með framkvæmdarvaldinu

Innra skipulag

Núverandi skipurit Ríkisendurskoðunar tók gildi hinn 1. janúar 2014. Kjarnasviðin eru tvö: endurskoðunarsvið og stjórnsýslusvið. Hið fyrrnefnda sinnir fjárhagsendurskoðun og skyldum verkefnum samkvæmt 8. gr. laga um Ríkisendurskoðun en hið síðarnefnda annast stjórnsýsluendurskoðun og skyld verkefni samkvæmt 9. gr. laganna. Að auki sinna tvö stoðsvið margvíslegri miðlægri starfsemi og þjónustu við kjarnasviðin: rekstrarstoð og lögfræði- og skjalastoð. Þá sinnir skrifstofa ríkisendurskoðanda ýmsum verkefnum sem lúta að eftirliti með stjórnsýslunni, eftirliti með framkvæmd fjárlaga, almannatengslum, alþjóðlegum samskiptum og aðstoð við ríkisendurskoðanda. Yfir hvoru kjarnasviði er sviðsstjóri og undir þeim eru deildarstjórar sem stýra vinnu sérfræðinga, fjórir á endurskoðunarsviði og tveir á stjórnsýslusviði. Sviðsstjóri endurskoðunarsviðs er Ingi K. Magnússon og sviðsstjóri stjórnsýslusviðs er Kristín Kalmansdóttir. Yfirlögfræðingur og staðgengill ríkisendurskoðanda er Lárus Ögmundsson, rekstrarstjóri er Eyþór Borgþórsson og skrifstofustjóri á skrifstofu ríkisendurskoðanda er Jón Loftur Björnsson.

Tvö kjarnasvið,
tvö stoðsvið og
skrifstofa ríkis-
endurskoðanda



Fjárhagsendurskoðun

Regluleg fjárhagsendurskoðun hjá stofnunum og fyrirtækjum ríkisins er viðamesta verkefni Ríkisendurskoðunar. Árið 2013 var um 52% virkra vinnustunda hjá stofnuninni varið til fjárhagsendurskoðunar. Í árslok voru starfsmenn endurskoðunarsviðs samtals 21 þar af 10 konur og 11 karlmenn í 21 stöðugildi. Starfsmönnum fjölgaði um einn á árinu miðað við árslok 2012 en þess ber að geta að þeim fækkaði um þrjá á því ári.

**Viðamesta
verkefni
stofnunarinnar**

Ríkisendurskoðun endurskoðar árlega ríkisreikning og reikninga ráðuneyta, stofnana, sjóða og annarra aðila þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði. Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun skal fjárhagsendurskoðun miða að því að:

- ✓ Reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju.
- ✓ Kanna innra eftirlit stofnana og fyrirtækja og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við.
- ✓ Kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi.

Við endurskoðunina er höfð hliðsjón af lögum um Ríkisendurskoðun, lögum um endurskoðendur, stöðlum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) og stöðlum Alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC) þar sem það á við.

Árlega sendir Ríkisendurskoðun Alþingi og birtir opinbera skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings. Þar er einnig gerð grein fyrir meginniðurstöðum fjárhagsendurskoðunar hjá ríkisaðilum eftir því sem við á. Endurskoðunarbréf sem send eru einstökum ríkistofnunum eru ekki gerð opinber en fjárlaganefnd Alþingis fær afrit af þeim. Skýrsla um fjárhagsendurskoðun vegna ársins 2012 (*Endurskoðun ríkisreiknings*) kom út í október 2013 (sjá bls. 24).

**Fjárlaganefnd fær
afrit af endur-
skoðunarbréfum**

Á árinu 2013 unnu fimm erlendir sérfræðingar að úttekt á vinnubrögðum Ríkisendurskoðunar við fjárhagsendurskoðun. Meginniðurstaða sérfræðinganna var sú að stofnunin sé að vinna gott starf á þessu sviði og sé vel á veg komin með að innleiða alþjóðlega staðla. Nánar er fjallað um úttektina í grein á bls. 40–43.

Mat á því hvort reikningsskil gefi glögga mynd

Fjárhagsendurskoðun hjá ríkinu er afar fjölbreytileg, allt frá endurskoðun einfaldra reikningsskila hjá litlum A-hluta stofnunum til endurskoðunar á flóknum reikningsskilum hlutafélaga. Framsetning fjárlaga og reikningsskila vegna stofnana A-hluta ríkis-

Endurskoðunin tímafrekari eftir innleiðingu IPSAS

sjóðs er tiltölulega einföld og lítið um matskennda liði og reikningsskilalegar flækjur sem skýrist m.a. af því að fjárfestingar og eignakaup eru gjaldfærð á kaupári, lífeyrisskuldbindingar eru ekki færðar í reikningsskilum stofnana og áfallið orlof er ekki reiknað. Á móti kemur að um er að ræða talsverðan fjölda stofnana, ýmsar sérreglur ríkisins, sem þarf að taka mið af við endurskoðun, auk þess sem margar A-hluta stofnanir eru stórar og með flókna starfsemi, sem kallar á umfangsmiklar endurskoðunaraðgerðir. Þá koma til skoðunar sjóðir með umtalsverðar skuldbindingar og fjölbreytt flóra framlagsliða.

Fjármála- og efnahagsráðherra lagði nýlega fram frumvarp á Alþingi til laga um opinber fjármál sem leysa munu lög um fjárreiður ríkisins af hólmi. Þar er m.a. gert ráð fyrir að teknir verði upp alþjóðlegir reikningsskilastaðlar hjá ríkinu, *International Public Sector Accounting Standards* (IPSAS). Þessir staðlar gera meiri kröfur til reikningsskila opinberra aðila en nú eru gerðar. Innleiðing þeirra mun hafa veruleg áhrif á framkvæmd fjárhagsendurskoðunar. Ætla má að í kjölfar innleiðingar IPSAS, ef af verður, muni að jafnaði fara meiri tími í endurskoðun hjá einstökum stofnunum og ríkissjóði í heild sinni en til þessa. Þá er í drögunum gert ráð fyrir að efla innri endurskoðun í ráðuneytum og stofnunum sem Ríkisendurskoðun telur mjög mikilvægt.



Starfsmenn endurskoðunarsjóðs sem annast reglulega fjárhagsendurskoðun ríkisaðila og tengd verkefni.

Mat á innra eftirliti og fylgni við lög og reglur

Sem fyrr greinir felur fjárhagsendurskoðun hjá ríkinu m.a. í sér að kanna innra eftirlit ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins. Með innra eftirliti er átt við ýmsar ráðstafanir og aðgerðir sem eiga að stuðla að árangursríkum og hagkvæmum rekstri, vernda eignir, verðmæti og viðkvæm gögn, veita áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar og tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur. Innra eftirlit tekur jafnan mið af greiningu og mati stofnana og fyrirtækja á hugsanlegri rekstraráhættu og birtist m.a. í ýmiss konar verklagsreglum, t.d. um aðgreiningu starfa, samþykkt útgjalda og skráningu viðskipta, en einnig í siðareglum og starfsmannastefnu. Árið 2011 gaf

Ríkisendurskoðun út leiðbeiningar um skjalfestingu innra eftirlits fyrir stofnanir í A-hluta ríkissjóðs.

Fjárhagsendurskoðun hjá ríkinu felur einnig í sér að athuga hvort reikningsskil og fjárráðstafanir eru í samræmi við lög og reglur. Þessar athuganir hafa verið nefndar „fylgniendurskoðun“ sem er þýðing á enska hugtakinu *compliance audit*. Í þessu felst m.a. að kanna fylgni stofnana og fyrirtækja ríkisins við lög, reglugerðir, siðareglur, stefnur, góða stjórnhætti og aðrar samþykktar venjur.

„Fylgniendurskoðun“

Liðir og aðilar sem endurskoðaðir voru árið 2013

Ríkisreikningur samanstendur af um 450 fjárlagaliðum í A-hluta ríkissjóðs auk upplýsinga um reikningsskil ríkisaðila í B–E-hluta. Vegna þess hve fáliðið Ríkisendurskoðun er hefur hún ekki tök á að endurskoða alla þessa liði og aðila fyrir útkomu ríkisreiknings sem undanfarin ár hefur verið í júnímánuði. Því þarf stofnunin árlega að velja vandlega úr þá liði sem teknir eru til endurskoðunar. Árið 2013 endurskoðuðu Ríkisendurskoðun og endurskoðunarfélög sem sinna verkefnum á hennar vegum alls 158 reikningsliði og aðila í A-hluta ríkissjóðs (þ.e. vegna reikningsársins 2012).

Val á liðum og aðilum til endurskoðunar byggist á sérstöku áhættumati þar sem horft er til nokkurra mismunandi áhættuþátta. Að jafnaði er lögð áhersla á að endurskoða umfangsmestu liðina enda hafa þeir meiri þýðingu en smærri liðir um það hvort ríkisreikningur verði talinn gefa glögga mynd af rekstri og efnahag ríkissjóðs í heild. Hins vegar er fjárhagslegt umfang margra liða fremur lítið. Þannig eru um 278 liðir með minna en 500 m.kr. útgjöld hver. Samanlögð útgjöld þessara liða nema einungis um 10% af heildargjöldum ríkissjóðs.

Horft til mismunandi áhættuþátta

Ríkisendurskoðun stefnir að því að endurskoða alla fjárlagaliði eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Vegna þeirra takmörkuðu fjármuna og mannafla sem stofnunin hefur yfir að ráða, sem og þeirrar áherslu sem lögð er á að endurskoða stóru liðina, getur þó farið svo að meira en þrjú ár líði milli þess sem sumir af smærri liðunum eru endurskoðaðir. Hætta á að þetta gerist hefur farið vaxandi undanfarin ár vegna fækkunar starfsmanna. Fyrirhugað er að endurmeta áhættugreiningu stofnunarinnar með hliðsjón af niðurstöðum alþjóðlegrar jafningjaúttektar (sjá grein á bls. 40–43) til að stuðla að því að fyrrnefnt markmið náist.

Útvistun endurskoðunarverkefna

Samkvæmt 4. gr. laga um Ríkisendurskoðun getur stofnunin m.a. falið endurskoðendum eða öðrum sérfræðingum að vinna að einstökum verkefnum sem henni eru falin í lögum. Þessa heimild hefur stofnunin nýtt og um árábil útvistað margvíslegum verkefnum á sviði fjárhagsendurskoðunar. Verkefnin eru boðin út í samræmi við lög nr. 84/2007 um opinber innkaup eða þá að samið er við fyrirtæki á grundvelli rammasamninga Ríkiskaupa um endurskoðun.

Heimildin í 4. gr. laga um Ríkisendurskoðun var fyrst nýtt árið 1998 með útboði á endurskoðunarþjónustu fyrir Landsbankann hf., Búnaðarbankann hf. og Fjárfestingabanka atvinnulífsins hf. Síðan þá hafa þessi mál þróast mikið. Nægir í því sambandi að nefna að Ríkiskaup gerðu fyrsta rammasamninginn um endurskoðun og reikningshald árið 2009 og var hann til tveggja ára, sá næsti gildi frá 2011 til 2013 og á miðju þessu ári var enn á ný gerður nýr samningur til tveggja ára með möguleika á framlengingu um eitt ár.

Fram til ársins 2012 voru útboð Ríkisendurskoðunar einskorðuð við endurskoðun fjármálafyrirtækja, einkum banka og sjóða í eigu ríkisins. Má auk áðurnefndra útboða frá árinu 1998 nefna að árið 2008 var endurskoðun nýju ríkisbankanna svokölluðu boðin út. Þeir voru stofnaðir í kjölfar hruns „gömlu“ bankanna en aðeins einn þeirra er nú í meirihlutaeigu ríkisins. Þá var endurskoðun Seðlabankans boðin út árið 2009 og endurskoðun Byrs hf. og SpKef sparisjóðs árið 2010.

Síðla á árinu 2012 bauð stofnunin í fyrsta sinn bæði út endurskoðun tiltekinna fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins og nokkurra stofnana og fyrirtækja ríkisins sem ekki stunda fjármálastarfsemi. Um var að ræða örútboð innan þágildandi rammasamnings og var því bundið við þau endurskoðunarfyrirtæki sem voru aðilar að samningnum. Um var að ræða hefðbundnar ríkisstofnanir í A-hluta ríkisreiknings, lánastofnanir og félög í meirihlutaeigu ríkisins. Alls

skiluðu átta fyrirtæki innan rammasamningsins tilboði í verkefnin og af þeim voru sjö metin hæf. Þegar tilboðin voru opnuð reyndist eitt og sama fyrirtækið lægstbjóðandi í flest verkefnin. Það féll síðar frá nokkrum tilboða sinna að fengnu samþykki Ríkiskaupa. Að teknu tilliti til þessa þóttu lægstbjóðendur uppfylla bæði reglur laga sem og öll skilyrði útboðsins, m.a. um hæfi. Verkefnin dreifðust milli fimm tilboðsgjafa á grundvelli mats um „bestu kaup“. Þó að erfitt sé að meta árangurinn nákvæmlega er óumdeilt að útboðið hafi skilað að jafnaði allt að 30% lækkun á endurskoðunarkostnaði vegna þessara verkefna.

Nýjasta örútboðið innan rammasamnings um endurskoðun og reikningshald á vegum Ríkisendurskoðunar fór fram í maí 2013. Um var að ræða örútboð á endurskoðun þriggja sparisjóða í meirihlutaeigu ríkissjóðs. Í fyrsta sinn ákvað Ríkisendurskoðun að sjá sjálf um útboðið í stað þess að fela Ríkiskaupum að hafa umsjón með því. Í þessu útboði þótti eðlilegt og réttmætt að gera sérstaka kröfu um reynslu og hæfni til endurskoðunar fjármálafyrirtækja. Sex endurskoðunarfyrirtæki innan rammasamningsins skiluðu tilboðum í umrædd verkefni. Öll fyrirtækin voru metin hæf og tilboð þeirra gild. Eins og í hefðbundnum rammasamningum Ríkiskaupa voru sjónarmiðin um „bestu kaup“ látin ráða vali og samið við þann aðila, sem fékk flest stig út úr mati samkvæmt matslíkani. Sama fyrirtækið átti lægsta tilboð í tvö verkefna en það þriðja féll í skaut annars tilboðsgjafa.

Ríkisendurskoðun mun halda áfram að bjóða út endurskoðunarverkefni og nota þá örútboð innan rammasamninga Ríkiskaupa við val á fyrirtæki. Þá er stefnt að því að bjóða út endurskoðun þeirra tveggja stóru opinberu hlutafélaga sem stofnunin endurskoðar. Enn fremur er unnið að undirbúningi útboðs á endurskoðun Landsvirkjunar og síðar mun koma að útboði á endurskoðun Rarik ohf. og Íslandspósts ohf.

Innleiðing alþjóðlegra endurskoðunarstaðla (ISSAI)

Alþjóðasamtök ríkisendurskoðana (INTOSAI) gefa út staðla um endurskoðun hjá hinu opinbera (*International Standards of Supreme Audit Institutions – ISSAI*). Aðildarstofnunum samtakanna er ekki skylt að fylgja þessum stöðlum nema lög kveði á um það. Hins vegar leitast þær allar við að uppfylla kröfur staðlanna enda eru þeir byggðir á bestu þekkingu og reynslu á sviði opinberrar endurskoðunar. Árið 2010 gáfu INTOSAI út nýja og mun ítarlegri staðla um fjárhagsendurskoðun en þá sem samtökin höfðu áður gefið út. Þeir fela í raun í sér aðlögun staðla Alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC) að opinbera geiranum.

Byggðir á bestu þekkingu á sviði opinberrar endurskoðunar

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að fylgja í hvívetna alþjóðlegum stöðlum sem snerta starfsemi hennar. Á árinu 2011 hófst innleiðing ISSAI-staðlanna hjá stofnuninni sem felst m.a. í að þjálfar starfsmenn í að beita þeim. Stefnt er að því að ljúka innleiðingu staðlanna á árinu 2014, m.a. með hliðsjón af niðurstöðum alþjóðlegrar jafningja-úttektar (sjá grein á bls. 40–43).

Úttektir á upplýsingakerfum

Liður í fjárhagsendurskoðun hjá ríkinu er að ganga úr skugga um hvort rafræn upplýsingakerfi stofnana og fyrirtækja séu örugg og skili þeim árangri sem vænst er. Við þessa vinnu er m.a. höfð hliðsjón af lögum um Ríkisendurskoðun, stöðlum og leiðbeiningum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

Niðurstöður úttekta á upplýsingakerfum eru settar fram í skýrslum sem eingöngu eru sendar þeim stofnunum sem þær lúta að og viðkomandi fagraðuneyti þar sem þær greina iðulega frá viðkvæmum öryggismálum.

Mikilvægt er að eftirlit með upplýsingakerfum ríkisins sé virkt og öflugt enda fara gríðarlegir fjármunir gegnum þessi kerfi, t.d. lífeyrisgreiðslur, launagreiðslur og ýmsar bætur. Villur í kerfunum geta kostað ríkissjóðs umtalsverðar fjárhæðir. Eigendur kerfanna þurfa að láta fara fram reglulegar úttektir á öryggi og innri eftirlitsaðgerðum sem í gildi eru. Ríkisendurskoðun hefur hvatt til þess að fjármála- og efnahagsráðuneytið beiti sér fyrir samræmdri úttekt á helstu tekju- og gjaldakerfum ríkisins til að tryggja að þau starfi eins og til er ætlast og fyllsta öryggis sé gætt.

Ástæða til úttektar á helstu tekju- og gjaldakerfum ríkisins

Skýrsla um endurskoðun ríkisreiknings 2012

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar *Endurskoðun ríkisreiknings 2012*, sem birt var í október 2013, kom fram að áritun ríkisendurskoðanda á reikninginn var án fyrirvara en í henni var ábending um skuldbindingar ríkissjóðs sem getið var í skýringu og séryfirliti með reikningnum en voru ekki færðar í efnahag. Hér er m.a. um að ræða ríkisábyrgðir, skuldbindingar vegna innstæðna í fjármálafyrirtækjum og A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR).

Fram kom að um miðjan september 2013 höfðu 118 fjárlagaliðir í A-hluta ríkisreiknings (af samtals 431) hlotið endurskoðun og námu samanlögð útgjöld þeirra tæplega 71% af heildarútgjöldum ríkisins á árinu. Á sama tíma höfðu reikningsskil 13 aðila í B–E-hluta ríkissjóðs verið endurskoðuð.

Bent var á nokkur atriði sem betur mættu fara í bókhaldi, reikningsskilum og fjármálastjórn ríkisins. Meðal helstu athugasemda og ábendinga voru eftirfarandi:

- ✓ Reikningsskilareglur sem ríkisreikningur byggir á víkja í nokkrum veigamiklum atriðum frá því sem almennt tíðkast. Ríkisendurskoðun taldi þessi frávik óæskileg og hvatti ríkisreikningsnefnd, sem veitir fjármála- og efnahagsráðherra ráðgjöf um framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings, til að taka málið til athugunar.
- ✓ Vakin var athygli á því að samkvæmt tryggingafræðilegu mati þyrfti að hækka heildariðgjald til A-deildar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) úr 15,5% í 20,1% til að tryggja að eignir hennar gætu staðið

undir bæði áunnum réttindum og reiknuðum framtíðarréttindum sjóðfélaga. Bent var á að viðbótarútgjöld ríkissjóðs vegna þessa gætu numið allt að 4,5 milljörðum króna á ári.

- ✓ Lagt var til að upplýsingar um stofnfjárloforð sem ríkissjóður hafði veitt vegna nokkurra alþjóðastofnana yrðu birtar í skýringum með ríkisreikningi. Hér var m.a. um að ræða Endurreisnar- og þróunarbankann (ERBD), Þróunarbanka Evrópu (CEB) og Alþjóðaendurreisnar- og þróunarbankanum (IBRD).
- ✓ Samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins skal gera skrá um varanlega rekstrarfjármuni ríkisins og birta með ríkisreikningi. Þetta hefur ekki verið unnt að gera undanfarin ár þar sem fjölmargar stofnanir hafa ekki lokið við að skrá varanlega rekstrarfjármuni sem þær hafa yfir að ráða. Ríkisendurskoðun hvatti ráðuneytin til að ganga á eftir því að stofnanir lykju skráningu svo að hægt væri að birta eignaskrá með ríkisreikningi ársins 2013.
- ✓ Vakin var athygli á því að í lögum um tekjuskatt voru 52 bráðabirgðaákvæði í gildi. Því var beint til Alþingis og fjármála- og efnahagsráðuneytisins að kanna hvort ástæða væri til að endurskoða lögin í heild sinni.
- ✓ Loks var ríkisreikningsnefnd hvött til að endurskoða framsetningu markaðra tekna í fjárlögum og ríkisreikningi.

Stjórnsýsluendurskoðun

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun felst stjórnsýsluendurskoðun í því að

kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi.

Í lögnum segir jafnframt að stofnunin skuli gera hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum stjórnsýsluendurskoðunar, vekja athygli þeirra á því sem hún telur að úrskaiðis hafi farið í rekstri og benda þeim á atriði sem athuga þurfi með tilliti til úrbóta. Stjórnsýsluúttektir eru í raun athuganir á því hve vel ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum ríkisins gengur að leysa þau verkefni sem þeim eru falin. Við þessa vinnu tekur Ríkisendurskoðun mið af lögum um stofnunina, lögskýringargögnum (einkum greinargerðum með frumvörpum til laga um stofnunina) og stöðlum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI).

Markmiðið að benda á leiðir til úrbóta


Árið 2013 var rétt rúmlega fimmtungi (21%) af heildarfjölda virkra vinnustunda hjá Ríkisendurskoðun varið til stjórnsýsluendurskoðunar. Það er lítillaga lægra hlutfall en árið á undan og skýrist af starfsmannaveltu. Starfsmenn stjórnsýslusviðs voru samtals 10 í árslok 2012, tveir starfsmenn hættu störfum á árinu 2013 en einn var ráðinn. Í árslok voru starfsmenn stjórnsýslusviðs því samtals níu eða einum færri en ári áður.

Hugtökin hagsýni, skilvirkni og árangur

Samkvæmt stöðlum INTOSAI um stjórnsýsluendurskoðun (ISSAI 300 og 3000) miðar hún einkum að því að meta hagsýni, skilvirkni og árangur í opinberum rekstri og benda á leiðir til að bæta þessa þætti. Þessi skilgreining á inntaki stjórnsýsluendurskoðunar kemur einnig fram í greinargerð með frumvarpi því er síðar varð að lögum nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun. Greinargerðin felur í sér ítarlegri skilgreiningu á inntaki stjórnsýsluendurskoðunar en fram kemur í 9. gr. laganna.

Inntakið skilgreint í greinargerð með frumvarpi

Hugtakið *hagsýni* vísar til þess hve vel tekst að halda niðri kostnaði við „aðföng“ sem í opinberum rekstri geta t.d. verið vinnuafli, húsnæði og ýmis búnaður. *Skilvirkni* vísar til þess hve vel slík aðföng eru nýtt til að framleiða „afurðir“ sem í opinberum rekstri geta t.d. verið afgreidd erindi, veittar meðferðir á sjúkrastofnun eða útskrifaðir nemendur. Loks vísar hugtakið *árangur* í þessu sambandi til þess hvort þau markmið nást sem að er stefnt. Tekið skal fram að yfirleitt er ekki horft á mál út frá öllum þessum þremur sjónarhornum í hverri stjórnsýsluúttekt (sjá eftirfarandi mynd).



Beiðnir og frumkvæðisúttektir

Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun getur stofnunin gert stjórnsýsluendurskoðun hjá öllum þeim aðilum sem fjármagna starfsemi sína með ríkisfé, ríkið á að hálfu eða meira eða njóta framlaga úr ríkissjóði vegna þjónustu sem þeir veita. Flestar úttektir eru unnar að frumkvæði stofnunarinnar sjálfar út frá greiningu á annars vegar fjárhagslegu eða samfélagslegu mikilvægi og hins vegar áhættu í rekstri og starfsumhverfi. Yfirleitt er þó hluti úttekta unninn að beiðni Alþingis eða ráðuneyta. Í öllum tilvikum afmarkar Ríkisendurskoðun sjálf efnið, ákveður aðferð, áherslur og framsetningu niðurstaðna. Langflestar stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar sem lokið var árið 2013 voru frumkvæðisúttektir.

Yfirleitt er hluti
úttekta unninn
samkvæmt beiðni



Starfsmenn stjórnsýslusviðs sem annast stjórnsýsluendurskoðun hjá ríkisaðilum og tengd verkefni.

Vinnuferli stjórnsýsluúttekta

Alla jafna skiptir Ríkisendurskoðun stjórnsýsluúttektum sínum í þrjá meginhluta: forkönnun, aðalúttekt og eftirfylgni. Í forkönnun er leitast við að meta möguleika og réttmæti þess að hefja stjórnsýsluúttekt. Leiði forkönnun í ljós að aðalúttekt er ótímabær eða að væntanlegur ávinningur hennar verði minni en kostnaður er ekki ráðist í aðalúttekt. Leiði forkönnun í ljós umtalsverðan ávinning af aðalúttekt er samin úttektaráætlun þar sem settar eru fram þær spurningar sem aðalúttekt er ætlað að

1. Forkönnun
2. Aðalúttekt
3. Eftirfylgni

svara, viðfangsefnið afmarkað, aðferðir skilgreindar og tiltekinn sá tími og mannskapur sem nauðsynlegur er til að vinna úttektina. Í aðalúttekt er safnað saman öllum fáanlegum gögnum sem máli skipta til að svara spurningum úttektar, þau greind, metin og túlkuð á hlutlægan og faglegan hátt. Því næst eru niðurstöður mótaðar og eftir atvikum ábendingar um leiðir til úrbóta. Eftir að skýrsludrög hafa verið rýnd innanhúss eru þau send hlutaðeigandi aðilum til umsagnar. Endanleg skýrsla er síðar gerð opinber og send þeim aðilum sem í hlut eiga. Um það bil þremur árum síðar eru viðbrögð stofnana, ráðuneyta eða Alþingis við ábendingum Ríkisendurskoðunar könnuð með svokallaðri eftirfylgniúttekt. Niðurstöður þeirrar úttektar eru gerðar opinberar og sendar hlutaðeigandi aðilum. Slík úttekt getur leitt til ítrekaðrar eftirfylgni hafi ekki verið brugðist við ábendingum með fullnægjandi hætti. Mat á árangri stjórnsýsluendurskoðunar byggist m.a. á niðurstöðum eftirfylgni (sjá bls. 17).

Skýrsla um reiknilíkan heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni

Í ágúst 2013 birti Ríkisendurskoðun skýrslu um reiknilíkan sem heilbrigðisyfirvöld hafa um nokkurra ára skeið notað til að meta fjárþörf heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Tillögur til Alþingis um fjárveitingar til þessara stofnana hafa m.a. byggst á útreikningum þessa líkans. Fjárþörfin er metin með hliðsjón af eðli og samsetningu þjónustunnar á hverjum stað, íbúafjölda, dreifingu byggðar og þjónustubörf. Markmiðið er að stuðla að auknum jöfnuði stofnanna og tryggja þeim fjárhagslegan grunn til að standa undir þeirri þjónustu sem þær skulu veita.

Í skýrslunni kom fram að velferðarráðuneytið ætlast til þess að heilbrigðisstofnanir lagi starfsemi sína að líkaninu. Ráðuneytið hafi þó ekki gætt þess að uppfæra árlega sumar þær upplýsingar sem útreikningar líkansins byggjast á, s.s. um aðstæður á hverjum stað eða almennna verðlagsþróun. Þetta dragi úr gildi líkansins.

Ríkisendurskoðun taldi mikilvægt að úr þessum annmarka yrði bætt. Til að slíkt væri unnt þyrfti að efla og samræma skráningu stofnana á fjárhagsupplýsingum í bókhaldskerfi ríkisins og starfsemiupplýsingum í sjúkraskrárkerfi stofnananna. Einnig væri mikilvægt að tengja líkanið betur við stefnu og markmið stjórnvalda í heilbrigðismálum.

Fram kom að margir forstöðumenn heilbrigðisstofnana töldu sig ekki hafa nægilega góðan aðgang að líkaninu né þekkja nógu vel forsendur þess og hvernig það er notað við fjárlagagerð. Ríkisendurskoðun mæltist til þess að velferðarráðuneytið gerði líkanið aðgengilegra og gagnsærra, kynnti það betur fyrir forstöðumönnum og nýtti það betur sem stjórn- og samskiptatæki. Þá benti Ríkisendurskoðun á að í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu margra heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni væri mikilvægt að farið yrði yfir forsendur líkansins, m.a. breytur og reiknireglur, og kannað hversu raunhæfar þær væru sem viðmið við tillögugerð um fjárveitingar.

Starfsáætlun stjórnsýslusviðs

Stjórnsýslusvið starfar samkvæmt þriggja ára starfsáætlun sem endurskoðuð er árlega. Núverandi starfsáætlun gildir fyrir tímabilið 2013–2015. Hún byggist m.a. á mati á áhættu í starfsemi og rekstri ríkisins, þ.e. hvar hætta er talin á að starfsemin sé ekki eins hagkvæm, skilvirk og árangursrík og til er ætlast. Við vinnslu áætlunarinnar var einkum litið til þeirra breytinga sem orðið hafa í ríkisrekstrinum undanfarin ár, áherslu stjórnvalda í ríkisfjármálum 2000–2015, fjárveitinga í fjárlögum, ríkisreiknings 2011,

niðurstöðu starfsmannakönnunar SFR árið 2012 og greiningar á fjárhagsstöðu einstakra fjárlagaliða. Úttektir munu, líkt og síðustu ár, aðallega beinast að málaflokkum sem heyra undir stærstu og útgjaldafrækustu ráðuneytin: velferðarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og innanríkisráðuneyti. Þetta stafar af því að um 80% fjárveitinga ríkisins í fjárlögum ársins 2013 runnu til málefna sem undir þessi ráðuneyti heyra og þau fara með yfirstjórn langflestra ríkisstofnana. Málefni annarra ráðuneyta verða þó einnig til skoðunar eftir því sem ástæða verður talin til.

Úttektir sem lokið var árið 2013

Árið 2013 luku starfsmenn stjórnsýslusviðs við samtals 27 opinberar skýrslur sem er sami fjöldi og undanfarin ár. Þar af voru 13 aðalúttektir og 14 eftirfylgniskýrslur.

- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Keilir ehf. Ríkisframlög og árangur \(2010\)](#)
- ✓ [Skýrsla um ítrekaða eftirfylgni: Vinnueftirlit ríkisins \(2010\)](#)
- ✓ [Matvælastofnun](#)
- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Innkaupastefna ráðuneyta \(2010\)](#)
- ✓ [Samningamál SÁÁ](#)
- ✓ [Skýrsla um ítrekaða eftirfylgni: Kostnaður, skilvirkni og gæði háskólakennslu \(2007\)](#)
- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Stuðningur við atvinnu- og byggðaðþróun \(2010\)](#)
- ✓ [Þjóðskrá Íslands](#)
- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Skipulag og úrræði í fangelsismálum \(2010\)](#)
- ✓ [Sjúkraflug á Íslandi](#)
- ✓ [Rekstur og stjórnskipulag Vatnajökulsþjóðgarðs](#)
- ✓ [Reiknilíkan heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni](#)
- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Viðskipti ríkisstofnana við 800 birgja \(2010\)](#)
- ✓ [Skýrsla um ítrekaða eftirfylgni: Ráðstafanir gegn innflutningi ólöglegra fíkniefna \(2007\)](#)
- ✓ [Ábending frá Ríkisendurskoðun: Þjónustusamningar við öldrunarheimili](#)
- ✓ [Verkefni fyrrum Varnarmálastofnunar](#)
- ✓ [Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar: Ábending um kaup á tækniþjónustu vegna Norðurlandaráðsþings \(2010\)](#)
- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Framkvæmd búvörusamninga \(2010\)](#)
- ✓ [Stofnanir sem þjóna einstaklingum með skerta færni](#)
- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Verktakagreiðslur hjá Fasteignaskrá \(2010\)](#)
- ✓ [Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins \(Orri\). Uppfærsla 2010](#)
- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Kaup fasteigna ríkissjóðs á málningarvinnu \(2010\)](#)
- ✓ [Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna \(SRA\)](#)
- ✓ [Mótvægisáðgerðir vegna samdráttar þorskveiðiheimilda 2007](#)
- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Verktakagreiðslur við Háskóla Íslands \(2010\)](#)
- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Meðferð umsókna og styrkja úr atvinnuþróunarsjóðum \(2010\)](#)
- ✓ [Eftirlit Tryggingastofnunar með bótagreiðslum](#)

Skýrsla um eftirlit Tryggingastofnunar með bótagreiðslum

Í febrúar 2013 birti Ríkisendurskoðun skýrslu um eftirlit Tryggingastofnunar með bótagreiðslum í almannatryggingakerfinu. Stofnunin ákvarðar og afgreiðir bóta- og lífeyrisgreiðslur til fólks sem rétt hefur til slíkra greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Leitast er við að tryggja að þeir sem þiggja greiðslurnar eigi raunverulega rétt á þeim. Í þessu skyni leitar stofnunin uppi og rannsakar greiðslur sem rekja má til svika eða mistaka og reynir að fyrirbyggja þær.

Fram kom að á árunum 2011–2012 stöðvaði Tryggingastofnun óréttmætar greiðslur sem námu samtals tæplega 100 m.kr. á árgundvelli. Ekki lægi fyrir mat á ætluðu umfangi bótasvika hér á landi en í Danmörku væri talið að þau væru á bilinu 3–5% af heildarfjárhæð bótagreiðslna. Í skýrslunni var bent á að miðað við þessi hlutföll mætti ætla að bótasvik hér hafi í heild numið 2–3,4 ma.kr. árið 2011. Fram kom að hætta á svikum eða mistökum við bótagreiðslur væri einkum tengd upplýsingagjöf fólks um búsetu, hjúskaparstöðu og tekjur. Þannig væru t.a.m. dæmi um að foreldrar sem væru í sambúð skráðu sig sem einstæða til að fá hærri greiðslur en þeir ættu rétt á.

Ríkisendurskoðun taldi að Tryggingastofnun nýtti ekki til fulls þær lagaheimildir sem hún hefði til

eftirlits með bótagreiðslum en einnig væri mikilvægt að styrkja þessar heimildir. Tryggingastofnun hefði takmarkaðan aðgang að persónuupplýsingum sem máli skipta við ákvörðun bótaréttar. Að mati Ríkisendurskoðunar þyrfti að breyta lögum til að rýmka þennan aðgang. Þá var velferðarráðuneytið hvatt til að líta til Norðurlanda um fyrirmyndir í þessu efni enda hefðu tryggingastofnanir í Danmörku, Noregi og Svíþjóð mun ríkari heimildir til að afla og vinna með persónuupplýsingar en Tryggingastofnun.


Þá kom fram að bótasvik hér á landi væru sjaldan kærð til lögreglu og að greiðsluþegi hefði aldrei hlotið dóm fyrir slíkt brot. Mikilvægt væri að viðurlög væru með þeim hætti að þau fældu fólk frá því að reyna að svíkja út bætur. Í þessu sambandi lagði Ríkisendurskoðun til að Tryggingastofnun fengi heimild til að ljúka sem flestum málum af þessu tagi með því að leggja á stjórnvaldssekt, svipta fólk bótarétti eða með öðrum viðurlögum. Málum yrði þá aðeins vísað til lögreglu ef grunur væri um skipulögð eða stórfelld svik. Enn fremur taldi Ríkisendurskoðun að Tryggingastofnun þyrfti að skilgreina bótasvik og mistök við bótagreiðslur með formlegum hætti, meta umfang og hættu á slíku eftir bótaflokkum og þróa mælikvarða á árangur eftirlitsins.

Stjórnsýsluúttektir 2011–2013 eftir ráðuneytum

Á árunum 2011–2013 lauk Ríkisendurskoðun við samtals 78 stjórnsýsluúttektir, 54 aðalúttektir og 24 eftirfylgniúttektir. Alls lutu 20 úttektir að verkefnum velferðarráðuneytisins, 12 að verkefnum innanríkisráðuneytisins, 12 að verkefnum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og 11 að verkefnum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Færri úttektir lutu að verkefnum annarra ráðuneyta en 6 lutu að verkefnum fleiri en eins ráðuneytis, þ.e. voru þvert á ráðuneyti. Þá laut ein úttekt að stofnun sem telst til æðstu stjórnar ríkisins (Alþingi). Skiptingin er í samræmi við áherslur í starfsáætlunum stjórnsýslusviðs á tímabilinu (sjá bls. 27–28).

**Samtals 78
úttektir á fjórum
árum**

Stjórnsýsluúttektir 2011–2013 eftir ráðuneytum



Önnur eftirlitsverkefni og viðfangsefni

Árið 2013 var samtals um 9% af heildarfjölda virkra vinnustunda hjá stofnuninni varið til eftirlitsverkefna annarra en fjárhagsendurskoðunar eða stjórnsýsluendurskoðunar. Þetta er svipað hlutfall og árið á undan. Hér er einkum um að ræða eftirlit með framkvæmd fjárlaga, eftirlit með fjármálum stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og eftirlit með sjálfseignarstofnunum sem ekki stunda atvinnurekstur. Um 18% af heildarfjölda virkra vinnustunda var ráðstafað til yfirstjórnar og stoðþjónustu. Hér er m.a. átt við störf ríkisendurskoðanda, almennan rekstur stofnunarinnar, mötuneyti, móttöku og tölvuþjónustu við starfsmenn. Einnig fellur hér undir lögfræðileg ráðgjöf við ríkisendurskoðanda og fagsvið stofnunarinnar, útgáfumál, almannatengsl og alþjóðleg samskipti. Samtals voru starfsmenn sem sinntu stoðþjónustu og eftirlitsverkefnum öðrum en fjárhagsendurskoðun eða stjórnsýsluendurskoðun 13 í árslok 2013.

Samtals rúmlega fjórðungur starfseminnar



Starfsmenn skrifstofu ríkisendurskoðanda sem annast margvislegt eftirlit með stjórnsýslunni, eftirlit með framkvæmd fjárlaga, alþjóðleg samskipti, útgáfumál, almannatengsl og aðstoð við ríkisendurskoðanda.

Eftirlit með framkvæmd fjárlaga

Auk reglubundinnar fjárhagsendurskoðunar sinnir Ríkisendurskoðun sérstöku eftirliti með framkvæmd fjárlaga í samræmi við lög um stofnunina. Í þessu felst að fylgjast með því hvort stofnanir fara að ákvæðum fjárlaga, fjárreiðulaga og reglugerðar um framkvæmd fjárlaga. Árið 2013 birti Ríkisendurskoðun samtals þrjár skýrslur með niðurstöðum þessa eftirlits:

- ✓ [Framkvæmd fjárlaga janúar til desember 2012](#)
- ✓ [Framkvæmd fjárlaga janúar–júní 2013](#)
- ✓ [Framkvæmd fjárlaga janúar–september 2013](#)

Skýrsla um framkvæmd fjárlaga fyrstu níu mánuði ársins 2013

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrstu níu mánuði ársins 2013, sem birt var í desember það ár, kom fram að innheimtar tekjur ríkissjóðs námu samtals 382,8 milljörðum króna á tímabilinu en greidd gjöld samtals 412,5 milljörðum króna. *Greiðsluhallinn* nam því 29,6 milljörðum króna. Hugtakið greiðsluhalli horfir til innheimtra tekna og greiddra gjalda á tilteknu tímabili. Hugtökin *rekstarhalli/afgangur* vísa hins vegar til allra áfallinna tekna og gjalda, hvort sem þau hafa komið til innheimtu/greiðslu eður ei. Ekki eru unnin eiginleg *rekstraruppgjör* fyrir ríkissjóð innan ársins en slík uppgjör gefa fyllri mynd af fjárhagsstöðu hans en *greiðslu-uppgjör*. Í greiðsluuppgjörum ríkissjóðs er t.a.m. ekki horft til áfallinna lífeyrisskuldbindinga, fjármagnskostnaðar, afskrifta skattkrafna o.s.frv.

Fram kom að á fyrstu níu mánuðum ársins voru gjöld 40% fjárlagaliða umfram áætlun en gjöld

60% liða undir áætlun. Ríkisendurskoðun benti á að ráðuneytin þyrftu að bregðast við með fullnægjandi hætti þegar sýnt þætti að forstöðumenn stofnana næðu ekki að halda rekstri þeirra innan fjárheimilda. Nokkur dæmi væru um stofnanir sem ítrekað hefðu farið fram úr fjárheimildum og safnað upp halla sem ekki yrði séð hvernig rétta eigi af. Þá benti Ríkisendurskoðun á að bæta þyrfti áætlanagerð fjárlaga vegna ýmissa liða, m.a. liða með lög- eða samningsbundnum útgjöldum sem ekki yrði breytt með skömmum fyrirvara. Loks taldi Ríkisendurskoðun ekki eðlilegt að forstöðumenn stofnuðu til útgjalda á grundvelli vilýrða ráðherra eða þingmanna um auknar fjárveitingar. Forstöðumönnum bæri skylda til að haga rekstri í samræmi við gildandi fjárheimildir og mættu ekki auka útgjöld fyrr en Alþingi hefði samþykkt auknar fjárveitingar.

Eftirlit með fjárreiðum stjórnmalasamtaka og frambjóðenda

Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með fjármálum stjórnmalasamtaka og frambjóðenda samkvæmt [lögum nr. 162/2006](#). Lögin skylda stjórnmalasamtök til að skila samstæðureikningi, þ.e. ársreikningi fyrir allar einingar sem undir þau falla, til Ríkisendurskoðunar sem í kjölfarið skal birta útdrátt úr honum. Þá skylda lögin frambjóðendur í persónukjöri til að skila stofnuninni uppgjöri um tekjur og kostnað vegna kosningabaráttu eigi síðar en þremur mánuði eftir að kjör fer fram. Fari heildarkostnaður frambjóðanda af kosningabaráttu ekki fram úr 400 þús.kr. nægir honum þó að skila skriflegri yfirlýsingu þar um. Ríkisendurskoðun skal síðan birta útdrátt úr slíkum uppgjörum. Reikningur stjórnmalasamtaka skal vera endurskoðaður og áritaður af endurskoðanda en uppgjör frambjóðanda skal vera áritað af endurskoðanda eða bókhaldsfróðum skoðunarmanni. Bæði stjórnmalasamtökum og frambjóðendum er óheimilt, með ákveðnum undantekningum þó, að taka við herra framlagi frá lögaðila eða einstaklingi en sem nemur 400 þús.kr. á ári. Í reikningi stjórnmalasamtaka og uppgjöri frambjóðanda skal tilgreina nöfn allra lögaðila sem veitt hafa framlög og gildir fjárhæðin þá einu. Einnig skal þar tilgreina nöfn einstaklinga sem hafa veitt framlög yfir 200 þús.kr.

Í lögunum er stjórnmalasamtökum gefinn frestur til 1. október ár hvert til að skila reikningum næstliðins árs til Ríkisendurskoðunar. Samtals 12 stjórnmalasamtök

Hámarksframlag
400 þús.kr. á ári

skiluðu reikningum ársins 2012 áður en fresturinn rann út. Ríkisendurskoðun birti útdrátt úr þeim á heimasíðu sinni eftir að þeir höfðu verið yfirfarnir.

Samkvæmt 8. gr. laganna ber Ríkisendurskoðun að gefa út leiðbeiningar um reikningshald stjórnmalasamtaka. Í október 2013 gaf stofnunin út nýjar slíkar leiðbeiningar þar sem gerð var sú breyting miðað við áður gildandi reglur að útgjöld stjórnmalasamtaka vegna kosninga skulu sérgreind í ársreikningi. Hér er átt við útgjöld sem með beinum hætti tengjast kosningum til Alþingis eða sveitarstjórnar. Að auki er gerð krafa um að í skýringum sé greint frá því hvernig þessi kostnaður skiptist, svo sem í laun, auglýsingar, kynningar, ferðakostnað, aðkeypta þjónustu o.s.frv. Reglurnar gilda í fyrsta sinn um ársreikninga stjórnmalasamtaka fyrir árið 2013.

Nýjar leiðbeiningar um reikningshald flokkanna

Kosið var til Alþingis hinn 27. apríl 2013. Í október 2013 var forsvarsmönnum stjórnmalasamtaka sent bréf þar sem minnt var á lögbundna upplýsingaskyldu frambjóðenda. Samkvæmt lögunum ber frambjóðendum að skila árituðu uppgjöri eigi síðar en þremur mánuðum frá prófkjörsdegi. Í lok apríl 2013 höfðu 30 frambjóðendur skilað uppgjörum og 141 skilað yfirlýsingu. Útdráttir úr uppgjörum frambjóðenda voru birtir á heimasíðu stofnunarinnar.



Starfsmenn lögræði- og skjalastoðar sem annast lögræðileg úrlausnarefni, skjalavörslu, eftirlit með fjárreiðum stjórnmalastarfsemi og sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Eftirlit með sjálfseignarstofnunum sem ekki stunda atvinnurekstur

Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með fjárreiðum samtals 725 aðila sem starfa samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Hér er um að ræða sjálfseignarstofnanir sem ekki stunda atvinnurekstur, s.s. ýmsa styrktar- og minningarsjóði. Þessum aðilum er skylt að senda ársreikninga sína til Ríkisendurskoðunar og skal stofnunin fylgjast með því að þeir skili sér. Þá skal stofnunin halda skrá um tekjur og gjöld þessara aðila, ásamt athugasemdum við

Samtals 725 sjóðir og stofnanir

Í árslok höfðu 508
aðilar af 725
skilað reikningi

framlagða reikninga. Sýslumaðurinn á Sauðárkróki heldur skrá um sjóði og stofnanir með staðfesta skipulagsskrá, svokallaða sjóðaskrá. Hafi reikningur ekki borist í eitt ár eða hann reynst ófullkominn að einhverju leyti getur sýslumaður, að fengnum tillögum Ríkisendurskoðunar, ákveðið að vísa máli viðkomandi sjóðs til lögreglu til rannsóknar.

Samkvæmt lögnum skal sá sem ber ábyrgð á sjóði eða stofnun með staðfesta skipulagsskrá skila Ríkisendurskoðun ársreikningi eigi síðar en 30. júní ár hvert. Í júlí 2013 birti Ríkisendurskoðun [Yfirlit um sjálfseignarstofnanir og sjóði sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá fyrir rekstrarárið 2011](#). Þar kom fram að hinn 1. júlí sl. höfðu aðeins 469 aðilar, af samtals 725 sem þá voru á skrá, skilað ársreikningi fyrir rekstrarárið 2011. Í árslok 2013 höfðu 508 aðilar skilað. Ríkisendurskoðun sendir bréf og eftir atvikum tölvupóst til forráðamanna þeirra sjóða og stofnana sem ekki skila ársreikningi á réttum tíma þar sem þeir eru eindregið hvattir til að skila. Þetta dugar þó ekki alltaf til og tilkynnir stofnunin þá um það til Sýslumannsins á Sauðárkróki.

Árlega eru sjóðir eða stofnanir sem ekki hafa verið starfandi um lengri eða skemmri tíma lagðir niður. Forvinna við að leggja niður sjóð eða stofnun tekur oftast en ekki nokkurn tíma. Þegar staðfestur sjóður eða stofnun, sem ekki á sér forsjármann eða -menn, er lögð niður verður að gæta tryggilega að því að hvorki sé gengið á fjárhagslega eða tilfinningalega hagsmuni. Ganga þarf úr skugga um hvort einhverjir eigi hagsmuni eða hugsanlegan afskipta- og andmælarétt áður en sýslumaðurinn tekur endanlega og einhliða ákvörðun um að leggja niður staðfestan sjóð eða stofnun.

Eftirlit með ársreikningum kirkjugarða og sókna

Samkvæmt lögum nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu er stjórnun kirkjugarða skylt að senda ársreikninga sína til Ríkisendurskoðunar. Stofnunin yfirfer reikningana, aðgætir hvort áritanir endurskoðenda eru í lagi og stemmir af samtölur. Þá heldur hún skrá þar sem upplýsingar úr ársreikningum kirkjugarða um rekstur og efnahag er að finna. Stjórnun kirkjugarða ber að skila ársreikningum næstliðins árs til Ríkisendurskoðunar fyrir 1. júní ár hvert. Í byrjun nóvember 2013 höfðu stofnuninni borist reikningar 198 kirkjugarða af samtals 243. Með hliðsjón af dræmum heimtum undanfarin ár hefur Ríkisendurskoðun ítrekað hvatt til þess að kannaðir verði möguleikar á frekari sameiningum kirkjugarðsstjórna en þegar hafa orðið.

Í nóvember hafði
241 sókn af 272
skilað reikningi

Samkvæmt samkomulagi við þjóðkirkjuna sendir Biskupsstofa ársreikninga sókna til Ríkisendurskoðunar sem yfirfer þá, aðgætir hvort áritanir endurskoðenda eru í lagi og stemmir af samtölur. Þá heldur hún skrá þar sem upplýsingar úr ársreikningum sókna um rekstur og efnahag er að finna. Í nóvember 2013 höfðu Ríkisendurskoðun borist ársreikningar 241 sóknar fyrir árið 2012 af samtals 272 starfandi sóknum.

Lögfræðilegar álitargerðir

Árlega þarf Ríkisendurskoðun að fjalla um margvísleg lögfræðileg álitamál sem varða hlutverk stofnunarinnar eða lúta að fjárreiðum, eignaumsýslu eða rekstri ríkisins. Oft tengist slík umfjöllun einstökum verkefnum á sviði fjárhags- og stjórnsýsluendurskoðunar en einnig kemur fyrir að lögfræðileg álitaefni eru tekin til sjálfstæðrar athugunar, s.s. ef þau varða hlutverk eða skoðunarheimildir Ríkisendurskoðunar. Á

árinu 2013 tók Ríkisendurskoðun þannig m.a. til athugunar álitaefni er varða eftirlit stofnunarinnar með fjárreiðum sjálfseignarstofnana. Niðurstöður þeirrar athugunar voru birtar í [Greinargerð um hlutverk Ríkisendurskoðunar samkvæmt 5. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.](#)

Skjalamál

Stefna Ríkisendurskoðunar í skjalamálum felur m.a. í sér að farið sé að lögum og reglum Þjóðskjalasafns hvað varðar skráningu, varðveislu og eyðingu skjala. Stofnunin hefur rafrænt skjalakerfi þar sem samtals um 1.400 mál voru skráð í árslok 2013. Öll gögn sem skýra framvindu máls og leiða til niðurstöðu þess eru vistuð í kerfinu, auk vinnugagna eftir atvikum. Á árinu 2013 var ný skjalamiðstöð stofnunarinnar tekin í notkun og ný skjalageymsla.

1.400 mál skráð í
skjalakerfi í
árslok

Útgáfa og almannatengsl

Þar sem Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis og er liður í eftirliti þess með framkvæmdarvaldinu miðast skýrslur hennar og önnur upplýsingagjöf einkum við þarfir þingsins eða einstakra þingnefnda. Jafnframt er leitast við að sníða upplýsingagjöfina að þörfum stjórnenda ráðuneyta og stofnana enda beinast ábendingar stofnunarinnar um úrbætur yfirleitt að þessum aðilum. Þessar áherslur eru í samræmi við það sem þekkist meðal systurstofnana Ríkisendurskoðunar í nágrannalöndunum. En upplýsingamiðlun þessara stofnana beinist ekki einungis að þjóðþingunum og stjórnsýslunni. Hvarvetna er litið svo á að ríkisendurskoðanir eigi að leggja sig fram um að upplýsa fjölmiðla, og þar með almenning, um hlutverk sitt og störf. Með því sé stuðlað að því að ábendingar stofnananna nái fram að ganga, enda geti fjölmiðlaumfjöllun skapað þrýsting á valdhafa í átt til breytinga. Þá geti upplýsingamiðlun til fjölmiðla orðið til þess að efla ábyrgð og fyrirsvar í stjórnsýslunni.

Upplýsingastefna Ríkisendurskoðunar er í samræmi við staðal Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um gagnsæi og ábyrgð (*Principles of Transparency and Accountability* – ISSAI 20) og tekur mið af upplýsingastefnum norrænna systurstofnana. Samkvæmt stefnunni er vönduð og öflug ytri upplýsingamiðlun ein forsenda þess að stofnunin geti rækt hlutverk sitt og náð árangri. Einnig kemur fram að stofnunin vilji hafa frumkvæði að því að miðla upplýsingum um hlutverk sitt og störf.

Stefnan í
samræmi við
ISSAI 20

Ríkisendurskoðun heldur úti vefsíðu þar sem nálgast má öll opinber rit hennar (www.rikisend.is). Árið 2013 voru „heimsóknir“ á síðuna samtals tæplega 20 þúsund sem er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Það rit sem oftast var „opnað“ á síðunni árið 2013 var skýrslan *Fyrirgreiðsla ríkisins við fjármálafyrirtæki og stofnanir í kjölfar bankahrunsins* sem kom út árið 2012. Eftirfarandi er listi yfir 10 mest opnuðu ritin. Tekið skal fram að „opnanir“ starfsmanna stofnunarinnar eru ekki taldar með. Athygli vekur að á listanum eru tvö rit sem komin eru nokkuð til ára sinna, þ.e. leiðbeiningarrit um innra eftirlit ríkisaðila sem birt var árið 1998 og skýrsla um einkavæðingu helstu ríkisfyrirtækja sem kom út árið 2003. Hún hefur verið á lista yfir mest opnuðu rit stofnunarinnar allt frá því að hún kom út.

Fjölmargar
fyrirspurnir frá
fjölmiðlum og
almenningi

10 mest opnuðu ritin á www.rikisend.is árið 2013	
	Fjöldi
<i>Fyrirgreiðsla ríkisins við fjármálafyrirtæki og stofnanir í kjölfar bankahrunsins (2012)</i>	1.024
<i>Einkavæðing helstu ríkisfyrirtækja árin 1998–2003 (2003)</i>	893
<i>Mannauðsmál ríkisins – 2. Stefna stjórnvalda og staða mannauðsmála ríkisins (2011)</i>	839
<i>Innra eftirlit (1998)</i>	787
<i>Eftirlit Tryggingastofnunar með bótagreiðslum (2013)</i>	787
<i>Þjóðskrá Íslands (2013)</i>	782
<i>Innheimta opinberra gjalda (2011)</i>	761
<i>Hæfi Halldórs Ásgrímssonar, forsætisráðherra og fv. utanríkisráðherra, til að ... (2005)</i>	751
<i>Framkvæmd fjárlaga janúar–desember 2012 (2013)</i>	740
<i>Mannauðsmál ríkisins – 1. Starfslok ríkisstarfsmanna (2011)</i>	670

Leitast er við að útskýra aðalatriði skýrslna á auðskiljanlegan hátt í fréttum sem birtar eru á vefsíðunni og sendar fjölmiðlum og öðrum viðtakendum sem hafa skráð sig á rafrænan póstlista stofnunarinnar. Sú frétt sem var langoftast opnuð á síðunni árið 2013 fjallar um úttekt á eftirliti Tryggingastofnunar með bótagreiðslum í almannatryggingakerfinu. Aðrar fréttir voru opnaðar mun sjaldnar. Starfsmenn Ríkisendurskoðunar svara á hverju ári fjölmörgum fyrirspurnum fjölmiðla og almennings sem yfirleitt varða niðurstöður einstakra úttekta, hlutverk eða vinnubrögð stofnunarinnar.

Fimm mest opnuðu fréttirnar á www.rikisend.is árið 2013	
	Fjöldi
<i>„Efla þarf eftirlit með bótagreiðslum Tryggingastofnunar“ (2013) (frétt um úttekt á eftirliti Tryggingastofnunar með bótagreiðslum almannatrygginga)</i>	1.246
<i>„Mótuð verði stefna um málefni safna og fjárveitingar til þeirra“ (2012) (frétt um eftirfylgni með skýrslu um muna- og minjasöfn frá árinu 2009)</i>	737
<i>„Áætlun um stjórnarsýsluúttektir 2013–15“ (2012) (frétt um starfsáætlun stjórnarsýsluviðs Ríkisendurskoðunar tímabilið 2013–15)</i>	717
<i>„Framlög til æskulýðsmála“ (2013) (frétt um úttekt á framlögum ríkisins til æskulýðsmála)</i>	652
<i>„Vinnubrögðin í samræmi við alþjóðlega staðla“ (2012) (frétt um alþjóðlega jafningjaúttekt á vinnubrögðum við stjórnarsýsluendurskoðun)</i>	644

Alþjóðleg samskipti

Til að stuðla að því að starfsemi Ríkisendurskoðunar þróist í takt við alþjóðlega straua og stefnur leggur stofnunin áherslu á að eiga góð samskipti og samstarf við erlendar systurstofnanir. Stofnunin hefur um árabil tekið þátt í samstarfi norrænna ríkisendurskoðana sem og starfi Evrópu- og Alþjóðasamtaka á þessu sviði, EUROSAI og INTOSAI. Þá tekur Ríkisendurskoðun þátt í að endurskoða fjölþjóðlegar stofnanir og samtök sem Ísland á aðild að, m.a. EFTA. Enn fremur tóku starfsmenn stofnunarinnar virkan þátt í vinnu sem tengist viðræðum um mögulega aðild Íslands að Evrópu-sambandinu áður en hlé var gert á þeim. Fulltrúi Ríkisendurskoðunar átti sæti í samningahópi um fjárhagsmálefni sem starfaði á vegum aðalsamninganefndar Íslands.

Áhersla á góð
samskipti við
erlendar
systurstofnanir

Loks má nefna að starfsmenn stofnunarinnar hafa tekið þátt í umbóta- og þróunarverkefnum á sviði ríkisfjármála sem stjórnvöld hér á landi hafa unnið að í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (*International Monetary Fund – IMF*).

Samtals sóttu starfsmenn Ríkisendurskoðunar níu fundi og málstofur erlendis árið 2013 og er það mun minni fjöldi en undanfarin ár. Þar af tengdust fimm fundir starfi Endurskoðendaneðndar EFTA (*EFTA Board of Auditors – EBOA*) og endurskoðun á ráðstöfun styrkja úr Þróunarsjóði EFTA (*EEA Grants*). Sviðsstjóri endurskoðunarsviðs, Ingi K. Magnússon, er fulltrúi Ríkisendurskoðunar í EBOA og hefur jafnframt setið í vinnuhópi nefndarinnar sem annast endurskoðun vegna styrkja Þróunarsjóðsins. Aðrir fundir og málstofur tengdust norrænu samstarfi og starfsemi EUROSAI. Á vegum þeirra samtaka starfa nokkrir vinnuhópar sem fjalla um ýmis mál er varða opinbera endurskoðun. Nefna má vinnuhóp um umhverfisendurskoðun (*Working Group on Environmental Auditing*) og vinnuhóp um endurskoðun viðlagasjóða (*Task Force on the Audit of Funds Allocated to Disasters and Catastrophies*). Vegna niðurskurðar framlaga til Ríkisendurskoðunar undanfarin ár hefur stofnunin einungis tekið þátt í starfi eins slíks vinnuhóps en hann fjallar um endurskoðun og siðferði (*Task force for Audit & Ethics*) og var stofnaður árið 2012. Fulltrúi Ríkisendurskoðunar í hópnum sótti einn fund hópsins í Dubrovnik, Króatíu, í apríl. Annar starfsmaður sótti þing ungra starfsmanna ríkisendurskoðana innan EUROSAI (*Young EUROSAI – YES*) í Haag, Hollandi, í nóvember (sjá umfjöllun í sérramma). Þá sótti sami starfsmaður málstofu um stjórnsýsluendurskoðun á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem haldin var í Brussel, Belgíu, í apríl. Loks sótti einn starfsmaður fund norræns vinnuhóps sem skipaður var til að yfirfara og endurbæta reglur um endurskoðun Norðurlandaráðs og samnorrænna stofnana. Sá fundur var haldinn í Osló, Noregi, í janúar.

Árlegur fundur ríkisendurskoðenda Norðurlandanna var haldinn hér á landi í júní 2013. Á fundinum var samþykkt tillaga um að breyta fyrirkomulagi samstarfsins í veigamiklum atriðum. Áður fólst samstarfið að verulegu leyti í því að haldnar voru sameiginlegar málstofur með reglulegu millibili þar sem starfsmenn mismunandi faggreina báru saman bækur sínar. Þannig hittust t.d. stjórnendur og sérfræðingar á sviði fjárhagsendurskoðunar annað hvert ár og sama gildi um starfsmenn á sviði stjórnsýsluendurskoðunar. Á fundinum var ákveðið að leggja þessar málstofur af en í staðinn verða haldnar málstofur um ólík þemu sem tengjast starfsemi stofnananna með einhverjum hætti. Ráðgert er að halda fyrstu þematengdu ráðstefnuna á árinu 2015. Markmið breytinganna er að nýta betur það fé sem stofnanirnar verja til norræns samstarfs og stuðla að því að það skili hámarksávinningi. Nánar er fjallað um þessar breytingar í grein á bls. 44–45.

Nokkuð er um að fulltrúar erlendra systurstofnana, alþjóðastofnana eða stjórnvalda erlendra ríkja sækja Ríkisendurskoðun heim, ýmist til að fræðast um starfsemi stofnunarinnar eða vegna samstarfsverkefna. Á síðasta ári komu sérfræðingar frá ríkisendurskoðunum Hollands, Noregs og Svíþjóðar alls þrisvar hingað til lands vegna alþjóðlegrar jafningjaúttektar á vinnubrögðum stofnunarinnar við fjárhagsendurskoðun (sjá umfjöllun á bls. 40–43). Þá var fundur Endurskoðendaráðs EFTA (EBOA) haldinn hér á landi í september 2013.

Samtals níu fundir
og málstofur
erlendis árið 2013

Fundur ríkis-
endurskoðenda
Norðurlandanna


Þing ungra starfsmanna evrópskra ríkisendurskoðana – *Young EUROSAI*

Í nóvember 2013 sóttu yfir eitthundrað fulltrúar stofnana innan Evrópusamtaka ríkisendurskoðana (EUROSAI) sérstakt þing fyrir starfsmenn stofnanna yngri en 35 ára. Einnig sóttu þingið fulltrúar frá öðrum svæðisbundnum samtökum ríkisendurskoðana. Yfirskrift þingsins var *Young EUROSAI (YES)* og var það liður í undirbúningi fyrir aðalþing samtakanna sem haldið verður í Haag í Hollandi á þessu ári. Þema YES-þingsins var nýsköpun bæði almennt innan opinbera geirans og í starfsemi ríkisendurskoðana. Meðal annars voru ræddar áskoranir sem líklegt má telja að ríkisendurskoðanir muni standa frammi fyrir á næstu árum (sbr. mynd hér að neðan). Haldnar voru samtals 25 vinnustofur (*work shops*) um mismunandi málefni tengd þema þingsins.

Fulltrúi Ríkisendurskoðunar var Bjarkey Rut Gunnlaugsdóttir, deildarstjóri á stjórnsýslusviði. Að beiðni skipuleggjenda þingsins stýrði hún vinnu-

stofu þar sem fjallað var um breytt vinnubrögð stofnunarinnar við stjórnsýsluendurskoðun. Vinnustofan vakti mikla athygli og komust færri að en vildu, en hámarksfjöldi á hverri vinnustofu var 20. Þeim sem ekki komust að gafst hins vegar kostur á að ræða efni málstofunnar við fulltrúa Ríkisendurskoðunar á eftir og voru fjölmargir sem nýttu sér það.

Hver vinnustofa lagði eitthvað af mörkum til loka-niðurstöðu þingsins og milli vinnustofa komu allir þátttakendur saman í smærri og stærri hópum til að ræða hugmyndir og áskoranir. Lokaafurð þingsins var kortlagning hugmynda ungliðanna, tillögur þeirra um breytt vinnubrögð og vangaveltur þeirra um þær samfélagslegu kröfur sem stofnanirnar standa frammi fyrir. Helstu skilaboð ungliðanna til eldri og reyndari starfsmanna eru þau að stofnanirnar þurfi að bregðast við breytingum í umhverfi sínu og þróa vinnubrögð sín til þess að halda í við þróun opinbera geirans og upplýsingatækninnar.



Reglur um meðferð og afgreiðslu skýrslubeiðna frá forsætisnefnd Alþingis

Árið 2013 setti Ríkisendurskoðun eftirfarandi reglur um meðferð og afgreiðslu skýrslubeiðna frá forsætisnefnd. Markmið reglnanna er að tryggja enn betur en áður að beiðnir nefndarinnar fái vandaða úrvinnslu innan stofnunarinnar og að skýrslum sé skilað innan hæfilegs tíma.

1. gr.

Þegar skýrslubeiðni frá forsætisnefnd berst Ríkisendurskoðun, sbr. 3. gr. laga nr. 86/1997, tekur ríkisendurskoðandi afstöðu til þess hvort umbeðin skýrsla falli undir starfsemi stofnunarinnar. Sé niðurstaðan að svo sé felur ríkisendurskoðandi sviðsstjóra eða skrifstofustjóra að annast afgreiðslu beiðninnar. Sviðsstjóri/skrifstofustjóri ákveður hvaða starfsmanni/mönnum hann felur að vinna verkið. Stofna skal sérstakt mál um hverja skýrslubeiðni í skjalakerfi stofnunarinnar.

2. gr.

Samþykktar skýrslubeiðnir frá forsætisnefnd skulu njóta forgangs umfram önnur verkefni sem Ríkisendurskoðun hefur til úrvinnslu á hverjum tíma.

3. gr.

Að jafnaði skal afgreiðsla á skýrslubeiðni frá forsætisnefnd ekki taka lengri tíma en sex mánuði frá því að beiðni berst þar til skýrslu er skilað.

4. gr.

Sviðsstjóri/skrifstofustjóri ber ábyrgð á því að unnin sé verkáætlun þar sem m.a. komi fram markmið og afmörkun verkefnisins, sá tími sem talið er að það muni útheimta og áætluð verklok. Þegar endanleg verkáætlun liggur fyrir skal senda hana forseta Alþingis til upplýsingar. Breytist verkáætlun í veigamiklum atriðum síðar, t.d. ef við blasir að skýrslugerðin muni taka lengri tíma en í upphafi var áætlað, skal ríkisendurskoðandi gera forseta skriflega grein fyrir því og þeim ástæðum sem þar búa að baki.

5. gr.

Drög að skýrslu sem unnin er samkvæmt beiðni forsætisnefndar skulu gæðarýnd innanhúss af tveimur gæðarýnum sem ríkisendurskoðandi skipar. Einnig skal senda hlutaðeigandi aðilum skýrsludrög til umsagnar.

6. gr.

Fullgerð skýrsla sem unnin er samkvæmt beiðni forsætisnefndar skal send öllum nefndarmönnum með bréfi og birt á vefsíðu Ríkisendurskoðunar. Hafi önnur þingnefnd eða einstakur þingmaður átt frumkvæði að skýrslubeiðninni skal jafnframt senda viðkomandi eintak af skýrslunni.

Ríkisendurskoðun, júní 2013

Seinni áfangi alþjóðlegrar jafningjaúttektar

Eftir Óla Jón Jónsson, upplýsinga- og alþjóðafulltrúa, og Inga K. Magnússon, sviðsstjóra endurskoðunarviðs



Liður í stöðugri viðleitni til að efla starfsemina

Víða innan opinbera geirans tíðkast að forsvarsmenn stofnana fái starfssystkin, ýmist innlend eða erlend, til að leggja mat á faglegan styrk starfseminnar. Þetta kallast jafningjamat eða jafningjaúttekt. Markmiðið er yfirleitt að meta stjórnun, vinnubrögð, gæðakerfi o.s.frv. og benda á leiðir til að bæta þessa þætti. Litið er á jafningjaúttektir sem lið í stöðugri viðleitni stofnana til að efla starfsemi sína og bæta árangur. Árið 2010 gáfu Alþjóðasamtök ríkisendurskoðana (INTOSAI) út sérstakar leiðbeiningar um framkvæmd slíkra jafningjaúttekta og eru þær hluti af staðlaverki samtakanna (*International Standards of Supreme Audit Institutions – ISSAI*). Leiðbeiningarnar (ISSAI 5600) taka til allra þátta jafningjaúttekta og ná yfir ferlið í heild. Fjallað er um markmið slíkra úttekta og aðferðir, skipulagningu og undirbúning, framkvæmd, skýrslugerð og eftirfylgni. Jafnframt eru í leiðbeiningunum nefnd fjölmörg dæmi sem þykja vera til eftirbreytni um hvernig standa á að jafningjaúttektum eða einstökum þáttum þeirra (*best practice*).

Tveir sjálfstæðir áfangar

Sumarið 2011 fór ríkisendurskoðandi, Sveinn Arason, þess á leit við ríkisendurskoðanda Hollands, Fr. Saskia Stuiveling, að stofnun hennar (*Algemene Rekenkamer*) tæki að sér að leiða alþjóðlega jafningjaúttekt á Ríkisendurskoðun. Viðbrögð hollenska

ríkisendurskoðandans voru jákvæð og var fljótlega hafist handa við að skilgreina og afmarka verkefnið. Að tillögu Ríkisendurskoðunar var ákveðið að úttektin skyldi unnin í tveimur sjálfstæðum áföngum. Hinn fyrri næði til stjórnsýsluendurskoðunar og skyldi unninn á árinu 2012 en hinn síðari til fjárhagsendurskoðunar og skyldi unninn á árinu 2013. Leitað var til sænsku ríkisendurskoðunarinnar (*Riksrevisionen*) og þeirrar norsku (*Riksrevisjonen*) um að sérfræðingar þeirra tækju þátt í jafningjaúttektinni og fengust jákvæð svör.

Skýrsla um úttekt á vinnubrögðum við stjórnsýsluendurskoðun lá fyrir í byrjun desember 2012. Þar kemur m.a. fram að Ríkisendurskoðun hafi með margvíslegum umbótum á undanförunum árum tileinkað sér fagleg vinnubrögð sem samrýmist stöðlum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana ([INTOSAI](#)). Afköst stjórnsýslusviðs stofnunarinnar séu góð, skýrslur þess séu aðgengilegar og skili bæði stjórnsýslunni og Alþingi ávinningi. Um leið er bent á nokkur tækifæri til úrbóta. Ábendingarnar lúta m.a. að aðferðum við val á viðfangsefnum úttekta, áherslum þeirra og hönnun.

Vinna við jafningjaúttekt á vinnubrögðum Ríkisendurskoðunar við fjárhagsendurskoðun hófst í ársbyrjun 2013. Ákveðið var að leitast skyldi við að svara þremur meginspurningum:

- ✓ Hver eru gæði fjárhagsendurskoðunar hjá Ríkisendurskoðun og að hvaða marki eru vinnubrögðin í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI)?
- ✓ Hvaða ábendingum má beina til Ríkisendurskoðunar til að stuðla að auknum gæðum fjárhagsendurskoðunar?
- ✓ Hvernig er hægt að bæta áhættugreiningu Ríkisendurskoðunar í fjárhagsendurskoðun til að draga úr „endurskoðunarbili“ (bilið milli þess sem vænst er að stofnunin geri og þess sem hún kemst yfir að gera – e. *audit gap*)?

Sjónum beint að fimm endurskoðunarverkefnum

Fimm sérfræðingar frá ríkisendurskoðunum Hollands, Noregs og Svíþjóðar komu hingað til lands seinni partinn í maí og funduðu með ríkisendurskoðanda og stjórnendum endurskoðunarsviðs. Ákveðið var að úttektin skyldi ná til endurskoðunar vegna ársins 2012 og að sjónum yrði sérstaklega beint að fimm endurskoðunarverkefnum: Landspítalanum, Háskóla Íslands, Sjúkratryggingum Íslands, Rarik og aðalskrifstofu umhverfisráðuneytisins. Hinir erlendu sérfræðingar völdu verkefnin sjálfir eftir að hafa kynnt sér almennt starfshætti endurskoðunarsviðs. Ýmis gögn sem tengjast þessum verkefnum voru þýdd á ensku og send utan sem og gögn sem varða vinnubrögðin almennt. Seinni hluta júnímánaðar kom úttektarteymið svo aftur til landsins og ræddi ítarlega við stjórnendur og starfsmenn endurskoðunarsviðs auk þess að hitta stjórnendur fyrrnefndra ríkisaðila, fulltrúa fjárlaganefndar Alþingis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Fjársýslu ríkisins.

Ábendingar munu nýtast við að ljúka innleiðingu á ISSAI

Drög að skýrslu þessa seinni áfanga jafningjaúttektaþarinnar bárust Ríkisendurskoðun um miðjan september. Í nóvember komu stjórnendur úttektaþarinnar hingað til lands og ræddu drögin við stjórnendur endurskoðunarsviðs á fundi. Endanleg skýrsla barst síðan í byrjun desember. Meginniðurstaða hennar er sú að Ríkisendurskoðun sé að vinna gott starf á sviði fjárhagsendurskoðunar og sé langt á veg komin með að innleiða staðla INTOSAI. Settar eru fram ýmsar gagnlegar ábendingar sem munu nýtast stofnuninni við að ljúka innleiðingunni. Þær lúta m.a. að áætlanagerð vegna innleiðingarinnar, verkefnasviði stofnunarinnar, upplýsingakerfum sem notuð eru í tengslum við fjárhagsendurskoðun, vali á endurskoðunarviðföngum, gæðaeftirliti og skýrslugerð. Meðal annars er stofnunin hvött til að móta formlega áætlun um innleiðingu ISSAI-staðlanna, einbeita sér að kjarnaverkefnum og kanna möguleika á því að nota eitt rafrænt endurskoðunarkerfi í stað tveggja. Þá var stofnuninni bent á að bæta mætti áhættugreiningu við val á verkefnum með því að auka vægi einstakra þátta í henni. Enn fremur var stofnunin hvött til að halda áfram að innleiða gæðaeftirlitskerfi, sem hún hefur unnið að því að þróa, og staðla betur endurskoðunarskýrslur sínar, svo dæmi séu nefnd.



Úttektarteymið, f.v.: Carl Roest (*Algemene Rekenkamer*), Thomas Meijer (*Algemene Rekenkamer*), Eva Simma (*Riksrevisjonen*), Paul Neelisen (*Algemene Rekenkamer*) og Eiríkur Einarsson (*Riksrevisjonen*).

Verulegur ávinningur

Að mati Ríkisendurskoðunar dregur skýrslan í meginatriðum upp sanngjarna mynd af þeirri starfsemi sem hún lýtur að. Þegar hefur verið brugðist við ýmsum ábendingum skýrslunnar og lagt á ráðin um viðbrögð við öðrum, en eðlilega mun taka einhvern tíma fyrir stofnunina að bregðast að fullu við öllum ábendingunum. Loks má nefna að úttektarferlið sjálft var afar lærdómsríkt fyrir stjórnendur og starfsmenn endurskoðunarsviðs. Að mati greinarhöfunda hefur þessi seinni áfangi jafningjaúttektaþarinnar því skilað stofnuninni verulegum ávinningi, líkt og sá fyrri.



Frá fundi í húsaáæðnum Ríkisendurskoðunar 13. janúar 2014 þar sem niðurstöður seinni áfanga jafningjaúttektarinnar voru kynntar. F.v.: Carl Roest, sérfræðingur *Algemene Rekenkamer*; Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis; Helgi Bernóðusson, skrifstofustjóri Alþingis; og Sveinn Arason ríkisendurskoðandi.

Breytingar á samstarfi ríkisendurskoðana Norðurlanda

Eftir Hrafnhildi Óskarsdóttur, sérfræðing á stjórnsýslusviði og tengilið
Ríkisendurskoðunar í norrænu samstarfi



Samstarf norrænna ríkisendurskoðenda og ríkisendurskoðana hvílir á gömlum merg. Uppbygging stofnananna og áherslur eru áþekkar og því hafa löndin þróað með sér ýmiss konar samstarf. Lengst af var samvinnan fyrst og fremst milli Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands. Ísland bættist í hópinn árið 1952 og Færeyjar árið 1998. Grænlandungum og Álandseyingum var boðið að senda eigin fulltrúa á fundi ríkisendurskoðenda þessara landa en þeir töldu sig ekki hafa tök á því. Samvinnan var frá upphafi í fóstum skorðum, þ.e. fastir fundir með þátttöku allra Norðurlandanna. Að auki var og er enn algengt að unnið sé að einstökum verkefnum eða úttektnum með þátttöku tveggja eða fleiri landa (*nordiska nätverk och arbetsgrupper*).

Árlegir fundir

Ríkisendurskoðendur Norðurlandanna funda árlega og hið sama á við um aðaltengiliði stofnananna (*nordiska kontaktpersoner*). Áður fyrr héldu stjórnsýslu- og fjárhagsendurskoðunarsvið stofnananna reglulega eins konar málstofur (*seminarier*) þar sem ýmis fagleg mál voru til umræðu. Þessar málstofur voru haldnar annað hvert ár og skiptust löndin á að boða til þeirra, skipuleggja þær og vinna greinargerðir um fram-söguerindi og umræður. Þátttakendur voru að jafnaði tveir til þrír frá hverju landi. Sambærilegir fundir voru haldnir fyrir starfsmenn sem sinntu stoðverkefnum, þ.e.

upplýsingamiðlun og mannauðsstjórnun, og í nokkur ár einnig fyrir upplýsingatækni-svið stofnananna.

Krafa um breytt og einfaldað fyrirkomulag

Á ársfundi norræna ríkisendurskoðenda sem haldinn var í Stokkhólmi í ágúst 2012 kom fram krafa frá þeim um breytt og einfaldað fyrirkomulag þessara funda. Ástæðan var tvíþætt. Annars vegar þótti kostnaður vegna þeirra orðinn of íþyngjandi og hins vegar var talið að fundirnir skiluðu stofnunum sem heild ekki þeim ávinningi sem vonast var eftir. Vegna þessa fóru ríkisendurskoðendur þess á leit við tengiliðina að þeir kæmu með tillögur að breytingum. Helsta krafa þeirra var sú að aðeins væri boðað til fundar ef sýnt þætti að þörf væri fyrir hann.

Krafa um breytt
og einfaldað
fyrirkomulag

Á fundi tengiliðanna sem haldinn var í Reykjavík í apríl 2013 voru lögð drög að breyttri framkvæmd. Tillögur voru kynntar fyrir ríkisendurskoðendum á ársfundi þeirra, sem einnig var haldinn í Reykjavík í ágúst sama ár, og voru þær samþykktar án athugasemda. Í stað sérstakra funda fyrir hvert og eitt svið er nú stefnt að því að halda þematengdar málstofur með þverfaglegri nálgun. Efni/þema mun ráða því hvaða svið og starfsmenn taka þátt hverju sinni. Því getur orðið um fámenna eða fjölmenna fundi að ræða eftir atvikum. Grunnhugsunin er sú að sérfræðingar stofnananna í því málefni sem er til umfjöllunar hverju sinni taki þátt í málstofunum, aðrir ekki. Gengið er út frá því að málstofurnar verði að jafnaði haldnar í janúar og afrakstur hvernar málstofu verði greinargerð til ríkisendurskoðendanna sem innihaldi (a) tillögu að lausn þess vandamáls sem var til umfjöllunar og hvernig henni skuli hrint í framkvæmd og (b) umfjöllun um annað sem máli skiptir og tengist vandamálinu og mögulegum lausnum á því. Ríkisendurskoðendurnir skuli fá greinargerð í hendur u.þ.b. tveimur mánuðum eftir að málstofa fer fram, í síðasta lagi 1. apríl. Hún verði svo til umfjöllunar á næsta fundi ríkisendurskoðendanna þar sem ákvörðun verði tekin um framhaldið.

Þematengdar
málstofur



Frá fundi ríkisendurskoðenda Norðurlandanna sem haldinn var hér á landi í júní 2013. Frá vinstri: Beinta Dam (Færeyjar), Annie Nørskov (Danmörk), Lone Strøm (Danmörk), Gudrun Antemar (Svíþjóð), Gina Funnemark (Svíþjóð), Camilla Brodén (Svíþjóð) og Hrafnhildur Óskarsdóttir (Ísland).

Óbreytt stefna og framtíðarsýn

Þrátt fyrir þessar breytingar er framtíðarsýn og stefna norrænu ríkisendurskoðananna óbreytt frá því sem verið hefur en hún byggir á þriðja stefnumótunarmarkmiði Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) sem útleggst svo á íslensku: „Við ætlum að nota þekkingu hvert annars til að þróa vinnubrögð í eigin stofnunum“. Samvinna norrænu ríkisendurskoðananna mun því áfram byggja á þessu markmiði og verður að mestu óbreytt þótt fastar málstofur sviða hafi verið lagðar af.

Endurskoðun og siðferði

Eftir Þóri Óskarsson, deildarstjóra á stjórnsýslusviði



Gagnrýni í kjölfar
fjármálakreppu

Síðastliðin tvö ár hefur Ríkisendurskoðun tekið þátt í starfi aðgerðahóps Evrópusamtaka ríkisendurskoðana (EUROSAI) um endurskoðun og siðferði (*Task Force on Audit & Ethics*). Tilurð hópsins má bæði rekja til þeirrar gagnrýni sem endurskoðendur hafa sætt í kjölfar fjármálakreppu undanfarandi ára og minnkandi trausts evrópsks almennings á stjórnsýslunni. Hópnun er ætlað að koma með hagnýtar ábendingar um hvernig megi efla siðferðileg sjónarmið í störfum evrópskra ríkisendurskoðana og í opinberri stjórnsýslu. Vinna hópsins hefur því annars vegar beinst að þeim siðareglum sem evrópskar ríkisendurskoðanir hafa sett sér og þá jafnt að þeim kröfum sem þær gera til starfsmanna sinna sem ýmiss konar leiðbeiningum um mál sem lúta að siðferðilegri dómgreind starfsmanna. Hins vegar hefur vinna hópsins beinst að möguleikum ríkisendurskoðana til að taka til umfjöllunar siðferðileg álitamál í endurskoðun sinni.

Auk viðamikillar skoðanakönnunar innan EUROSAI um siðferðileg málefni hefur hópurinn nú þegar sent frá sér eina opinbera skýrslu *Supporting SAI to enhance their ethical infrastructure – Part 1: A general overview of SAI's ethical strategies and practices* (2013). Tvær aðrar skýrslur verða gefnar út í júní 2014: *Supporting SAI to enhance their ethical infrastructure – Part 2: Experiences in guiding, managing and controlling ethics* og *Auditing Ethics in public sector. A general overview of SAI's practices*. Þessar skýrslur eru einnig eða verða aðgengilegar á heimasíðu hópsins: <http://www.eurosaifae.tcontas.pt>. Loks hefur hópurinn staðið fyrir tveimur opnum málþingum um siðferði innan ríkisendurskoðana og um endurskoðun og siðferði og mun einnig stjórna tveimur vinnustofum á þingi EUROSAI í sumar.

Siðareglur ríkisendurskoðana

Langflestar evrópskar ríkisendurskoðanir, þar á meðal Ríkisendurskoðun, starfa samkvæmt fastmótuðum siðareglum sem oftast nær grundvallast á siðareglum INTOSAI (ISSAI 30; *Code of Ethics*). Þær reglur eru frá árinu 1998 og lúta m.a. að trúverðugleika, heilindum, óhæði og fagmennsku þeirra sem vinna hjá ríkisendurskoðunum eða í umboði þeirra, sama hvaða verkefnum þeir sinna, og eiga að tryggja að þeir starfi með almannahagsmuni í huga, fylgi viðeigandi aðferðum og vinnureglum um faglega nálgun, hlutlægni og rekjanleika og forðist hugsanlega hagsmunaárekstra. Eins og í flestum öðrum stöðlum INTOSAI leggja siðareglur samtakanna það í hendur einstakra stofnana að útfæra meginreglur samtakanna með hliðsjón af lagalegum og samfélagslegum aðstæðum á hverjum stað.

Á siðareglum einstakra ríkisendurskoðana getur því verið nokkur munur og sömuleiðis á því hvernig stofnanirnar innleiða reglurnar og fylgja þeim eftir. Flestar fylgja svipuðu formi og er á siðareglum INTOSAI, leggja áherslu á knappa og almenna umfjöllun um þau grundvallargildi sem starfsmönnum er ætlað að hafa að leiðarljósi. Nokkrar stofnanir hafa hins vegar samið viðamiklar siða- og starfsreglur um flesta þætti sem varða almenn vinnubrögð og framkomu starfsmanna ásamt ítarlegum leiðbeiningum um hvernig skuli fylgja þeim og til hvaða ráða, jafnvel viðurlaga, skuli grípa sé reglum ekki fylgt. Samhliða siðareglum gera æ fleiri stofnanir kröfu um að starfsmenn undirriti yfirlýsingar um trúnað, óhæði og hagsmunatengsl sem gætu valdið árekstrum. Enn sem komið er virðast ríkisendurskoðanir almennt ekki leggja verulega rækt við að vekja starfsmenn sína til vitundar um siðferðileg málefni, þjálfar þá í að takast á við hugsanleg álitamál sem tengjast starfi þeirra og hafa eftirlit með því eða meta hvernig siðareglunum er fylgt. Margar stofnanir hafa þó eft sig mjög á þessu sviði undanfarin ár og styðjast nú sífellt fleiri við siðferðilega sjálfsmatskerfið IntoSAINT sem Ríkisendurskoðun Hollands hefur þróað.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga að siðareglur ríkisendurskoðana snúast ekki alltaf um starfshætti eða hegðun þar sem unnt er að benda á skýr og afdráttarlaus boð eða bönn, jafnvel með vísun í viðurlög eða refsingu ef út af er brugðið. Jafnframt liggur í hlutarins eðli að ekki er hægt að setja tæmandi reglur um allt sem tengist siðferði slíkra stofnana. Oftar en ekki þarf að treysta á dómgreind hvers og eins og persónulegt mat á því hvernig honum eða henni beri að bregðast við tilteknum aðstæðum þegar skýra leiðsögn skortir. Af þessum sökum lúta starfsmenn ekki aðeins því aðhaldi sem stofnanir setja þeim í formi reglna eða annarra skuldbindinga heldur einnig og ekki síður því aðhaldi sem þeir setja sjálfum sér.

Innan INTOSAI er nú hafin athugun á því hvort endurskoða þurfi siðareglur samtakanna. Vænta má að í því sambandi verði hugað að ýmsum álitamálum sem lúta m.a. að því hvort gildandi reglur veiti nógu skýrar leiðbeiningar, gangi ekki nógu langt eða þrengi um of að almennum, borgaralegum réttindum og skyldum starfsmanna ríkisendurskoðana. Þetta gildir t.d. um möguleika þeirra til að tjá sig um stjórnsmál á opinberum vettvangi, án þess að rýra óhæði sitt og trúverðugleika í starfi, eða að koma á framfæri viðkvæmum upplýsingum sem gætu varðað almannahagsmuni en yfirmenn þeirra eða stofnun telja að gæta eigi þagmælsku um. Í málum á borð við þessi reynir eðlilega á jafnvægislist

Þess sem í hlut á og siðferðilega menningu vinnustaðarins. Miklu máli skiptir því að yfirmenn ríkisendurskoðana stuðli að opinskárrí umræðu um siðferðileg málefni og sýni sjálfir gott fordæmi, jafnt í orðum sínum sem athöfnum.

Að endurskoða siðferði

Jafnvægislistin verður síst minni þegar komið er að möguleikum ríkisendurskoðana til að gera siðferðileg málefni að viðfangsefni endurskoðunar og eftirlits eða að nálgast lögbundin verkefni sín út frá siðferðilegum sjónarmiðum. Fáar evrópskar ríkisendurskoðanir hafa skýr ákvæði um slíkt í lögum sínum og almennt mun viðurkennt að stofnanir búi ekki að öllu leyti yfir nægjanlega mótaðri aðferðafræði og reynslu í þessu tilliti. Engin stofnun útilokar þó að fást við siðferðileg álitamál, t.d. við innra eftirlit fjárhagsendurskoðunar og við stjórnáætlendurskoðun, og margar hafa raunar fengist við slíkt mál.

Ríkisendurskoðun er engin undantekning í þessum efnum. Í *Athugasemdum við frumvarp til laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands* er enda sérstaklega tekið fram að Umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun hafi „öðrum þræði það hlutverk að stuðla að vandaðri stjórnáætlun sem getur tengst mjög siðareglum og beitingu þeirra“. Í *Viðmiðum fyrir góða starfshætti ríkisstarfsmanna* (2006) kemur einnig fram að ríkisstarfsmaður sem verði var við spillingu, ólögsmæta eða ótilhlýðilega háttsemi skuli koma upplýsingum um slíka háttsemi til réttara aðila. „Til réttara aðila geta m.a. talist stjórnendur stofnunar, hlutaðeigandi fagráðuneyti og eftir atvikum Ríkisendurskoðun eða lögregla.“

Ríkisendurskoðun engin undantekning

Enn sem komið er virðist umfjöllun evrópskra ríkisendurskoðana um siðferðileg málefni einkum bundin við hagsmunaaðreksu og spillingu eða hættu á slíku. Þetta getur t.d. tengst ýmiss konar ákvarðanatöku um verklegar framkvæmdir, opinberum innkaupum, misnotkun eigna eða fjármuna ríkisins, ráðningu opinberra starfsmanna, aukastörfum þeirra, setu í stjórnnum fyrirtækja eða gjöfum og boðsferðum sem gætu hugsanlega skuldbundið starfsmenn með óeðlilegum hætti eða rýrt óhæði þeirra og trúverðugleika.

Í sumum tilvikum geta ríkisendurskoðanir rökstutt aðkomu sína, niðurstöður og ábendingar með vísun í lög og reglur sem lúta að starfsháttum eða athöfnum opinberra stofnana og hafa siðferðilega skírskotun. Hér á landi má í þessu sambandi minna á lög nr. 84/2007 um opinber innkaup sem kveða m.a. á um að gæta skuli jafnræðis og gagnsæis við opinber innkaup og að óheimilt sé að mismuna fyrirtækjum á grundvelli þjóðernis eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Þá gefa nýlegar *Siðareglur ráðherra* (2011), *Siðareglur fyrir starfsmenn Stjórnarráðs Íslands* (2012) og *Almennar siðareglur starfsmanna ríkisins* (2013) Ríkisendurskoðun fastara land undir fót en áður við að fjalla um siðferðileg álitamál.

Krafa um jafnræði og gagnsæi við opinber innkaup

Í öðrum tilvikum hafa ríkisendurskoðanir fáttað til ráða en að benda stjórnvöldum á nauðsyn þess að setja skýrar verklagsreglur sem tryggja góða starfshætti, gagnsæi og rekjanleika og að reglunum sé fylgt. Almennt þarf að vera hægt að útskýra og réttlæta ákvarðanir út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum sem eiga sér stoð í lögum eða reglum. Í skýrslu sinni *Innkaupastefna ráðuneyta* (2010) greip Ríkisendurskoðun einmitt til slíks þegar stofnunin hvatti fjármálaráðherra til að setja samræmdar siðareglur um opinber innkaup sem ná til allra ráðuneyta og stofnana ríkisins og stuðla að því að þær séu hafðar í heiðri. Reglurnar þyrftu m.a. að lúta að því að persónulegar

ástæður eða persónulegur ávinningur megi ekki ráða vali á vörum, birgjum eða þjónustu, að ekki megi mismuna aðilum vegna ómálefnaðra sjónarmiða og að allar upplýsingar um innkaup skuli vera uppi á borðinu eftir því sem kostur er. Ríkisendurskoðun væntir þess að slíkar reglur verði settar sem fyrst.

Á málþingi um siðareglur í opinberri þjónustu (22. mars 2013) vakti greinarhöfundur einnig sérstaka athygli á öðru máli með siðferðilega skírskotun, þ.e. hvort viðeigandi sé að opinberir starfsmenn nýti í eigin þágu ferðapunkta sem þeir safna á kennitölu sína vegna starfstengdra ferðalaga sem stofnanir ríkisins greiða fyrir. Hér ber að hafa í huga að ferðapunktarnir eru í eðli sínu hluti af viðskiptakjörum tiltekinna fyrirtækja en ekki umbun fyrir vinnuframlag eða útgjöld starfsmanna og af notkun þeirra er ekki greiddur skattur. Vegna þessa má velta fyrir sér hvort persónuleg notkun þeirra falli ef til vill undir eftirfarandi ákvæði *Siðareglna fyrir starfsfólk Stjórnarráðs Íslands*: „Starfsfólk Stjórnarráðsins dregur skýr mörk á milli einkalífs og opinberra skyldustarfa“ og „Starfsfólk þiggur ekki persónulega verðmætar gjafir vegna starfs síns“. Við þetta bætist að ferðapunktarnir geta óneitanlega falið í sér hættu á hagsmunaárekstrum, þ.e. hvatt til viðskipta við þau fyrirtæki sem veita þá óháð því hvort þau bjóða hagstæðustu kjör eða ekki. Vegna alls þessa virðist eðlilegt að settar séu sérstakar reglur um ferðapunktana sem tryggja hagsmuni ríkisins og skattgreiðenda.

Miðað við umræðu um endurskoðun og siðferði á alþjóðlegum vettvangi má gera ráð fyrir að ríkisendurskoðanir muni á komandi árum beina sjónum sínum í æ ríkara mæli að siðferðilegum álitamálum í opinberri stjórnsýslu og starfsemi opinberra stofnana. Ríkisendurskoðun mun leitast við að fylgjast með þessari þróun og beita sér þar sem efni og ástæður gefa tilefni til.



Aðgerðahópur EUROSAI um endurskoðun og siðferði. Myndin var tekin á fundi hópsins í Dubrovnik, Króatíu, í apríl 2013.

Opinber rit árið 2013

Stjórnsýsluúttektir

- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Keilir ehf. Ríkisframlög og áranpur \(2010\)](#)
- ✓ [Skýrsla um ítrekaða eftirfylgni: Vinnueftirlit ríkisins \(2010\)](#)
- ✓ [Matvælastofnun](#)
- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Innkaupastefna ráðuneyta \(2010\)](#)
- ✓ [Samningamál SÁÁ](#)
- ✓ [Skýrsla um ítrekaða eftirfylgni: Kostnaður, skilvirkni og gæði háskólakennslu \(2007\)](#)
- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Stuðningur við atvinnu- og byggðapróun \(2010\)](#)
- ✓ [Þjóðskrá Íslands](#)
- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Skipulag og úrræði í fangelsismálum \(2010\)](#)
- ✓ [Sjúkraflug á Íslandi](#)
- ✓ [Rekstur og stjórnskipulag Vatnajökulsþjóðgarðs](#)
- ✓ [Reiknilíkan heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni](#)
- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Viðskipti ríkisstofnana við 800 birgja \(2010\)](#)
- ✓ [Skýrsla um ítrekaða eftirfylgni: Ráðstafanir gegn innflutningi ólöglegra fíkniefna \(2007\)](#)
- ✓ [Ábending frá Ríkisendurskoðun: Þjónustusamningar við öldrunarheimili](#)
- ✓ [Verkefni fyrrum Varnarmálastofnunar](#)
- ✓ [Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar: Ábending um kaup á tæknipjónustu vegna Norðurlandaráðsþings \(2010\)](#)
- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Framkvæmd búvörusamninga \(2010\)](#)
- ✓ [Stofnanir sem þjóna einstaklingum með skerta færni](#)
- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Verktakagreiðslur hjá Fasteignaskrá \(2010\)](#)
- ✓ [Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins \(Orri\). Uppfærsla 2010](#)
- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Kaup fasteigna ríkissjóðs á málningarvinnu \(2010\)](#)
- ✓ [Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna \(SRA\)](#)
- ✓ [Mótvægisáðgerðir vegna samdráttar þorsveiðiheimilda 2007](#)
- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Verktakagreiðslur við Háskóla Íslands \(2010\)](#)
- ✓ [Skýrsla um eftirfylgni: Meðferð umsókna og styrkja úr atvinnuþróunarsjóðum \(2010\)](#)
- ✓ [Eftirlit Tryggingastofnunar með bótagreiðslum](#)

Önnur rit

- ✓ [Framkvæmd fjárlaga janúar–september 2013](#)
- ✓ [Framkvæmd fjárlaga janúar–júní 2013](#)
- ✓ [Viðlagatrygging Íslands](#)
- ✓ [Endurskoðun ríkisreiknings 2012](#)
- ✓ [Yfirlit um sjálfseignarstofnanir og sjóði 2011](#)
- ✓ [Framkvæmd fjárlaga janúar til desember 2012](#)
- ✓ [Ársskýrsla Ríkisendurskoðunar 2012](#)
- ✓ [Ráðstöfun framlaga til æskulýðsmála](#)

- ✓ [Yfirlit um ársreikninga sókna árið 2012](#)
- ✓ [Yfirlit um ársreikninga kirkjugarða árið 2012](#)
- ✓ [Greinargerð um hlutverk Ríkisendurskoðunar samkvæmt 5. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá](#)
- ✓ [International Peer Review of the Financial Audit Practice of the Icelandic National Audit Office](#)
- ✓ [Alþjóðleg jafningjaúttekt á vinnubrögðum Ríkisendurskoðunar við fjárhagsendurskoðun](#)

Starfsmenn Ríkisendurskoðunar í árslok 2013

Sveinn Arason - ríkisendurskoðandi

Skrifstofa ríkisendurskoðanda

Jón L. Björnsson - skrifstofustjóri, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

Guðmundur Björnsson - deildarstjóri, lögfræðingur / cand.jur.

Brynja Baldursdóttir - sérfræðingur

Óli Jón Jónsson - upplýsinga- og alþjóðafulltrúi, stjórn málafr. / MEA, BA í sagnfræði

Endurskoðunarsvið

Ingi K. Magnússon - sviðsstjóri, viðskiptafræðingur / cand.oecon., CIA, CGAP

Albert Ólafsson - deildarstjóri, viðskiptafræðingur / cand.oecon., CISA, CIA

Óskar Sverrisson - deildarstjóri, endurskoðandi

Sigurgeir Bóasson - deildarstjóri, endurskoðandi

Þorbjörg Guðnadóttir - deildarstjóri, viðskiptafræðingur / M.Acc., cand.oecon.

Auður Guðjónsdóttir - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

Álfheiður Dögg Gunnarsdóttir - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

Brynja Pétursdóttir - sérfræðingur, endurskoðandi

Einar Þorgilsson - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

Geir Gunnlaugsson - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

Grétar Bjarni Guðjónsson - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / M.Acc., MBA, BBA

Guðbrandur R. Leósson - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

Helgi Guðmundsson - sérfræðingur, hagfræðingur / cand.oecon.

Karlotta Aðalsteinsdóttir - sérfræðingur, endurskoðandi

Kristín Þorbjörg Jónsdóttir - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / M.Acc., cand.oecon.

María Bjargmundsdóttir - ritari

Péter Szklenár - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / BSc, MAcc

Svafa Þ. Hinriksdóttir - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / BS

Telma Steingrímsdóttir - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

Thelma Hillers - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / BS

Viðar H. Jónsson - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

Stjórnsýslusvið

Kristín Kalmansdóttir - sviðsstjóri, viðskiptafræðingur / MBA, cand.oecon., CIA

Þórir Óskarsson - deildarstjóri, íslenskufraðingur / cand.mag., BA

Bjarkey Rut Gunnlaugsdóttir - deildarstjóri, viðskiptafræðingur / MSc, BS

Hrafnhildur Óskarsdóttir - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir - sérfræðingur, stjórn málafræðingur / MSc, BA í sagnfræði

Hilmar Þórisson - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

Kristinn H. Jónsson - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / MBA, BS

Margrét E. Arnórsdóttir - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / civil ekonom
Sandra Franks – sérfræðingur, stjórn málafræðingur / BA, ML í lögfræði

Rekstrarstoð

Eyþór Borgþórsson - rekstrarstjóri
Ásdís Hauksdóttir - fulltrúi
Steinunn Gísladóttir - matráðskona
Sigurður Þorvaldsson - matráðsmaður, sendill

Lögfræði- og skjalastoð

Lárus Ögmundsson - yfirlögfræðingur / cand.jur.
Elín Ingadóttir - skjalavörður
Laufey Ásgrímsdóttir - skjalastjóri, bókasafns- og stjórnsýslufræðingur / BA, cand.mag., MPA
Linda Sigurðardóttir - sérfræðingur

Ársreikningur 2013

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Ríkisendurskoðun er stofnun Alþingis og starfar samkvæmt lögum nr. 86/1997. Meginhlutverk hennar er að annast endurskoðun hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum og öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Þá skal stofnunin annast endurskoðun hjá fyrirtækjum sem rekin eru á ábyrgð ríkisins og fyrirtækjum sem ríkissjóður á að hálfu eða meira. Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og getur framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim aðilum sem henni ber lögum samkvæmt að endurskoða.

Á árinu 2013 varð 29,6 m.kr. tekjuafgangur af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 41,1 m.kr., skuldir 4,5 m.kr. og eigið fé nam 36,6 m.kr. í árslok 2013.

Ríkisendurskoðandi og rekstrarstjóri staðfesta ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. febrúar 2014.

Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

Eyþór Borgþórsson
rekstrarstjóri

Áritun endurskoðanda

Til forsætisnefndar Alþingis

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð mín felst í því áliti sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber mér að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit mitt.

Álit

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisendurskoðunar á árinu 2013, efnahag hennar 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Reykjavík, 28. febrúar 2014.



Gunnar Sigurðsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2013

	Skýr.	2013	2012
Tekjur			
Seld þjónusta		47.774.161	42.383.145
Aðrar tekjur		42.670	2.215
	1	<u>47.816.831</u>	<u>42.385.360</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	392.622.753	394.807.410
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	10.413.808	10.463.859
Funda- og ferðakostnaður	4	12.086.603	11.728.085
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	5	17.556.482	48.417.716
Rekstur tækja og áhalda	6	1.218.648	1.353.506
Annar rekstrarkostnaður	7	5.651.970	5.334.587
Húsnæðiskostnaður	8	28.242.671	26.870.268
Bifreiðarekstur	9	511.056	413.425
Tilfærslur	10	800.000	700.000
		<u>469.103.991</u>	<u>500.088.856</u>
Eignakaup	11	3.222.383	1.765.335
		<u>472.326.374</u>	<u>501.854.191</u>
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag		(424.509.543)	(459.468.831)
Ríkisframlag		<u>454.100.000</u>	<u>430.400.000</u>
Tekjuafgangur ársins		<u>29.590.457</u>	<u>(29.068.831)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	2013	2012
Eignir			
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	12	31.298.753	4.457.321
Viðskiptakröfur		9.322.444	7.703.117
Handbært fé		524.634	135.410
		<u>41.145.831</u>	<u>12.295.848</u>
Eignir alls		<u>41.145.831</u>	<u>12.295.848</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
<i>Höfuðstóll:</i>			
Höfuðstóll í ársbyrjun		6.999.881	36.068.712
Tekjuafgangur ársins		29.590.457	(29.068.831)
Höfuðstóll	13	<u>36.590.338</u>	<u>6.999.881</u>
Eigið fé		<u>36.590.338</u>	<u>6.999.881</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		4.555.493	5.295.967
Skuldir		<u>4.555.493</u>	<u>5.295.967</u>
Eigið fé og skuldir		<u>41.145.831</u>	<u>12.295.848</u>

Sjóðstreymi árið 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur.....		29.590.457	(29.068.831)
<i>Veltufé frá rekstri</i>		<u>29.590.457</u>	<u>(29.068.831)</u>
<i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun).....	(	1.619.327)	4.541.270
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun.....	(	740.474)	(5.731.326)
		<u>(2.359.801)</u>	<u>(1.190.056)</u>
Handbært fé frá rekstri		27.230.656	(30.258.887)
Fjármögnunarhreyfingar			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....	(	454.100.000)	(430.400.000)
Greitt úr ríkissjóði.....		427.258.568	460.634.728
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(26.841.432)</u>	<u>30.234.728</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		389.224	(24.159)
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>135.410</u>	<u>159.569</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>524.634</u>	<u>135.410</u>

Skýringar

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Ríkisendurskoðunar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki eru almennt undanþegin álagningu tekjuskatta.

Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð í þeim mánuði sem stofnað er til útgjalda.

Starfspáttagreining

Í skýringum er rekstri stofnunarinnar skipt eftir verkefnum sem falla að skipulagi hennar.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Handbært fé

Stofnunin heldur engan sjóð en á innstæðu á bankareikningi.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Bókhald og fjárvarsla

Fjársýslu ríkisins hefur verið falið að annast launavinnslu, bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina.

Fjárheimildir og rekstur

Fjárlög fyrir árið 2013 gerðu ráð fyrir nokkurri aukningu framlaga frá árinu á undan en halli var á rekstri tveggja síðustu ára. Engu að síður var áfram gert ráð fyrir miklu aðhaldi í rekstri. Fjárveitingar á fjárlögum til Ríkisendurskoðunar námu samtals 454,1 m.kr. Engar breytingar urðu á fjárheimildum til ársloka 2013.

Rekstrargjöld, að fráðregnum sértekjum, námu samtals 424,5 m.kr. og urðu því 29,6 m.kr. innan fjárheimilda ársins. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur	(44.200)	(44.200)	(47.817)	3.617
Laun og launatengd gjöld	396.500	396.500	392.623	3.877
Önnur rekstrargjöld	100.800	100.800	75.681	25.119
Tilfærslur	0	0	800	(800)
	453.100	453.100	421.287	31.813
Stofnkostnaður	1.000	1.000	3.222	(2.222)
	454.100	454.100	424.510	29.590

Sundurliðun eftir viðfangsefnum í þús. kr.:

	2013	2012
Sértekjur	(47.817)	(42.385)
101 Ríkisendurskoðun	469.104	500.089
601 Stofnkostnaður	3.222	1.765
	424.510	459.469

Starfsþáttagreining

Rekstrarreikningur sundurliðaður eftir viðfangsefnum sem byggja á tímaskráningarkerfi stofnunarinnar.

Fjárhagsendurskoðun	220.745	220.589
Stjórnsýsluendurskoðun	89.147	110.294
Önnur eftirlitsverkefni	38.206	41.360
Yfirstjórn, rekstur og stoðþjónusta	76.412	87.316
	424.510	459.559

Skýringar

Sundurliðanir

1. Sértekjur

Sértekjur stofnunarinnar felast að mestu í seldri endurskoðunarþjónustu til ríkisfyrirtækja.

	2013	2012
Seld sérfræðiþjónusta	47.774.161	42.383.145
Aðrar tekjur	42.670	2.215
	<u>47.816.831</u>	<u>42.385.360</u>

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld námu 392,6 m.kr. og lækkuðu milli ára um 2,2 m.kr. eða 0,6%. Í árslok 2013 voru starfsmenn Ríkisendurskoðunar 42 sem er óbreyttur fjöldi starfsmanna frá fyrra ári. Ársverk fastráðinna starfsmanna á árinu 2013 miðað við dagvinnu voru um 40,5 sem er fækkun um 2,0 frá fyrra ári. Engar aðrar launabreytingar urðu á árinu 2013 aðrar en þær sem voru umsamdar í kjarasamningum. Áfallið orlof er ekki reiknað eða fært upp í ársreikninginn.

Dagvinna	275.250.798	277.742.303
Yfirvinna og einingalaun	41.912.741	40.923.833
Önnur laun og starfstengdar greiðslur	2.173.000	2.350.000
Launatengd gjöld	<u>73.286.214</u>	<u>73.791.274</u>
	<u>392.622.753</u>	<u>394.807.410</u>

3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Undir þennan lið fellur kostnaður sem tengdur er skrifstofuhaldi stofnunarinnar. Í heild nam kostnaðurinn 10,4 m.kr. og lækkaði frá fyrra ári um 0,1 m.kr. eða 0,5%. Auglýsingar og kynningar, hækkuðu um 0,6 m.kr. Ástæðuna má rekja til auglýsinga eftir nýjum starfsmönnum. Þá hækkuðu gjöld vegna útgáfustarfsemi um 0,4 m.kr. Kostnaður við kaup á bókum og öðru kynningarefni lækkaði um 0,4 m.kr. og kostnaður vegna símagjalda um 0,3 m.kr. Kostnaður vegna gjafa til erlendra gesta lækkaði um 0,1 m.kr.

Tímarit, blöð og bækur	488.377	904.911
Auglýsingar og kynningar	827.081	238.440
Símagjöld	1.711.711	2.049.775
Burðargjöld	209.696	234.848
Útgáfustarfsemi	623.598	177.704
Afnotagjöld	5.141.336	5.078.425
Skrifstofuvörur	1.011.687	1.260.732
Gjafir	<u>400.322</u>	<u>519.024</u>
	<u>10.413.808</u>	<u>10.463.859</u>

4. Funda- og ferðakostnaður

Á árinu 2013 nam kostnaðurinn 12,1 m.kr. og varð um 0,4 m.kr. hækkun á þessum kostnaðarlið eða 3,1%. Ástæðu þessa má að mestu rekja til kostnaðar í tengslum við móttöku og aksturs með norræna ríkisendurskoðendur en árlegur fundur þeirra var á Íslandi þetta árið. Þá var árlegur haustfundur endurskoðendaráðs EFTA stofnana haldinn hér sl. haust. Á móti þessum kostnaðarauka var dregið verulega úr ferðalögum erlendis, ráðstefnukostnaði og námskeiðum. Eins og árið áður þá féll til kostnaður vegna ferða- og dvalarkostnaðar erlendra úttektarmanna, þ.e. jafningjateymis.

	2013	2012
Ferða- og dvalarkostnaður innanlands	3.347.132	2.351.848
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	1.881.623	4.280.932
Funda- og ráðstefnugjöld	53.350	16.000
Námskeiðsgjöld	1.399.200	2.221.100
Félagsgjöld	1.136.625	1.010.864
Risna	2.627.094	837.995
Akstur	1.641.579	1.009.346
	<u>12.086.603</u>	<u>11.728.085</u>

5. Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Í heild nam kostnaður við aðkeypta sérfræðiþjónustu 17,6 m.kr. og dróst hann saman um 30,9 m.kr. eða 63,7%. Á árinu 2013 nam kostnaður við kaup á endurskoðunarþjónustu vegna A-hluta stofnana 12,4 m.kr. en var 41,2 m.kr. árið 2012. Í lok ársins voru í gildi samningar við 10 endurskoðunarstofur og greitt var fyrir endurskoðun hjá 12 A-hluta ríkisaðilum. Ástæðan fyrir þessum samdrætti er sú að stofnunin hefur tekið inn endurskoðunarverkefni sem áður var útvistað og einnig hefur hún hætt að greiða fyrir endurskoðun hjúkrunarheimila sem rekin eru af lögaðilum og sveitarfélögum. Kostnaður vegna tölvu- og kerfisfræðiþjónustu jókst um 0,3 m.kr. sem tengist viðhaldi og endurbótum á heimasíðu stofnunarinnar.

Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	1.112.602	785.324
Önnur sérfræðiþjónusta	4.093.069	6.463.866
Endurskoðunarþjónusta	<u>12.350.811</u>	<u>41.168.526</u>
	<u>17.556.482</u>	<u>48.417.716</u>

6. Rekstur tækja og áhalda

Undir þennan lið fellur rekstur á ljósrítunarvélum, tölvum og öðrum skrifstofubúnaði.

Smátæki og áhöld	346.225	682.286
Viðgerðir og viðhald	766.810	639.032
Varahlutir og viðhaldsvörur	57.763	4.588
Leigugjöld tækja og áhalda	<u>47.850</u>	<u>27.600</u>
	<u>1.218.648</u>	<u>1.353.506</u>

Skýringar

7. Annar rekstrarkostnaður

Þessi liður nær til annars rekstrarkostnaðar og nam hann 5,7 m.kr. Kostnaðurinn jókst um 0,3 m.kr. eða 5,9%. Kostnaður við rekstur mótuneytis lækkaði milli ára um 0,6 m.kr. en hækkun varð á kostnaði við aðra rekstrarliði og má að stærstum hluta telja til tapaðrar viðskiptakröfu.

	2013	2012
Máltíðir	3.383.722	3.977.537
Rekstrarvörur	733.400	492.553
Ýmis þjónustugjöld	280.433	57.051
Opinber gjöld, tryggingar og tapaðar kröfur	1.254.415	807.446
	<u>5.651.970</u>	<u>5.334.587</u>

8. Húsnæðiskostnaður

Stofnunin er með aðsetur að Brietartúni 7 og hefur allt húsið fyrir starfsemi sína. Húsnæðið er í eigu ríkissjóðs og greiðir stofnunin húsaleigu fyrir afnotin. Í heild nam kostnaðurinn 28,2 m.kr. og jókst um 1,4 m.kr. eða 5,1%.

Leigugjöld	21.094.128	20.456.568
Orka	1.773.246	1.946.967
Viðhald fasteigna	98.793	11.137
Búnaður til innréttinga	276.517	10.765
Þrif og sorphirða	4.770.464	4.257.829
Annar húsnæðiskostnaður	229.523	187.002
	<u>28.242.671</u>	<u>26.870.268</u>

9. Bifreiðakostnaður

Stofnunin á eina bifreið af gerðinni Land Cruiser árgerð 2006.

Bensín og olía	239.594	203.031
Opinber gjöld og tryggingar	123.399	119.860
Viðgerðir og viðhald	124.267	90.534
Rekstrarvörur og þjónusta	23.796	0
	<u>511.056</u>	<u>413.425</u>

10. Tilfærslur

Árlega greiðir stofnunin framlag til starfsmannafélags stofnunarinnar í samræmi við ákvæði kjarasamninga og samkomulags félagsins við stofnunina.

11. Eignakaup

Á árinu 2013 var haldið áfram með nauðsynlega endurnýjun á tölvubúnaði.

	2013	2012
Tölvubúnaður	2.332.647	1.192.568
Önnur tæki, skrifstofubúnaður og listaverk	889.736	572.767
	<u>3.222.383</u>	<u>1.765.335</u>

Annað

12. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2013 nam inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði 31,3 m.kr. og hafði hækkað um 26,8 m.kr. á árinu.

Staða 1. janúar 2013	4.457.321
Ríkisframlag	454.100.000
Greiðslur	(453.026.643)
Millifærslur	25.768.075
Staða 31. desember 2013	<u>31.298.753</u>

13. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2013 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar ónotaða fjárheimild að fjárhæð 36,6 m.kr. og hafði hún hækkað um 29,6 m.kr. frá árinu á undan.

Höfuðstóll

Höfuðstóll 1. janúar 2013	6.999.881
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag	(424.509.543)
Ríkisframlag	454.100.000
Höfuðstóll 31. desember 2013	<u>36.590.338</u>

Skýringar

Kennitölur

Stofnunin hefur á liðnum árum notað ýmsa árangursmælikvarða í rekstri. Slíkir mælikvarðar geta breyst í árunna rás. Stofnunin telur ekki eðlilegt að telja bæði áritun á ársreikninga og útgefin endurskoðunarbréf þar sem í mörgum tilvikum er um sama endurskoðunarverkefni að ræða og því tvítalið. Stofnunin hefur því ákveðið að greina nú frá endurskoðunarverkefnum sem unnin eru af starfsmönnum hennar og einnig endurskoðunarfélögum í umboði hennar skv. samningum þar um.

	2013	2012	2011	2010	2009
Verkefnavísar					
Endurskoðunarverkefni	211	251	280	256	383
Stjórnsýsluúttektir	27	25	28	22	12
Aðrar skýrslur	14	13	12	25	21
Rit	0	0	0	1	0

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

Rekstur

Rekstrartekjur	47.817	42.385	41.652	67.210	366.707
Rekstrargjöld	(469.104)	(500.089)	(479.294)	(472.029)	(818.502)
Stofnkostnaður	(3.222)	(1.765)	(2.014)	(3.187)	(2.874)
Tekjuafgangur	(424.510)	(459.469)	(439.656)	(408.006)	(454.669)
Ríkisframlag	454.100	430.400	405.800	424.800	459.300
Tekjuafgangur ársins	<u>29.590</u>	<u>(29.069)</u>	<u>(33.856)</u>	<u>16.794</u>	<u>4.631</u>

Efnahagur

Veltufjármunir	41.146	12.296	47.096	76.788	96.252
Eignir alls	<u>41.146</u>	<u>12.296</u>	<u>47.096</u>	<u>76.788</u>	<u>96.252</u>
Höfuðstóll	36.590	7.000	36.069	69.925	53.131
Skammtímaskuldir	4.555	5.296	11.027	6.863	43.121
Eigið fé og skuldir alls	<u>41.146</u>	<u>12.296</u>	<u>47.096</u>	<u>76.788</u>	<u>96.252</u>

Fimm ára yfirlit um skuldbindandi samninga í þúsundum króna:

	2014	2015	2016	2017	2018
Húsaleigusamningur	23.435	23.435	23.435	23.435	23.435
Endurskoðunarsamningar	10.631	10.631	2.750	2.750	2.750



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is